Rannsókn á manngerðum haug við Brennugjá á Þingvöllum við Öxará 2005-2006

Adolf Friðriksson

Reykjavík 2021
FS973-0245
Fornleifastofnun Íslands ses

© Fornleifastofnun Íslands 2021
Bárugötu 3
101 Reykjavík
Sími: 551 1033
Fax: 551 1047
Netfang: fsi@fornleif.is
Heimasíða: www.fornleif.is

Forsíðumynd: Manngerður haugur við Brennugjá (myndin er úr riti Matthíasar Þórðarsonar, Þingvöllur, Rv. 1945.

Samantekt

Staðsetning: Rannsóknarstaðurinn er við Brennugjá á Þingvöllum við Öxará, Bláskógabyggð (hnit: A: 397344, N: 419198).

Eftirfarandi greinargerð er lokaskýrsla um vísindarannsókn með uppgrefti á manngerðri bungu við Brennugjá, auk greiningar á forngripum og dýrabeinum ásamt athugunum á staðháttum.

Rannsókn fór fram á vettvangi dagana 30/05/05 - 09/06/05, 22/08/05 – 26/08/05 og 21/6/06 til 28/06/06. Gerð var rannsókn á röskuðum mannvistarlögum á tveimur fjórðungum hólsins. Röskuð lög voru fjarlægð en lítið raskaðar leifar upprunalegs umbúnaðar voru látnar standa. Að lokinni rannsókn var uppgraftarefni fært í hólinn og tyrft yfir.
Gögn úr eldri rannsóknum voru borin saman við ný gögn og staðfest að hóllinn er manngerður. I honum fundust óverulegar leifar af hleðslum úr grjóti og torfi, dýrabein og fáeinir gripir, þar af 4 silfurgripir. Sennilegt er að mannvirkið hafi verið reist á 11.öld, og hafi þjónað sem e.k. minnisvarði eða jafnvel verið greftrunarstaður.

Rannsóknarnúmer (málsnúmer MÍ): FVR 2002070021. *Þjms.nr.* 2002-60 *Leyfishafi*: Adolf Friðriksson. *Fjöldi starfsmanna*: 15 fornleifafræðingar.

English Summary

During the years 2001 to 2006 the Institute of Archaeology, in collaboration with the Icelandic Literary Society (Hið íslenska bókmenntafélag) and Thingvellir National Park), ran a series of survey and excavation missions to assembly sites in Iceland. This included the remains of regional assemblies („vorþing“) and the General Assembly, Althing, at Thingvellir.
One of several targets was a small mound by Brennugjá in Þingvellir, where an excavation was carried out in two stages, in 2005 (30/05/05 - 09/06/05, 22/08/05 – 26/08/05) and 2006 (21/6/06 to 28/06/06). This mound had been excavated previously, in 1920 and before that, it had been subject to considerable damage to its eastern flank, due to road construction in 1907.

At the mound, an exploratory trench (SK1) was excavated, measuring 1 x 4m, aligned southwest-northeast, with the south-western limit at the centre/highpoint of the mound. This trench was excavated to a depth of up to 0.65cm and revealed a sequence of turbated turf and stone deposits, including possible structural remains. In order to further investigate the remains seen in trench SK1, a larger area (SK2) was excavated – measuring 4 x 5m, aligned southwest-northeast encompassing both SK1 and the east quadrant of the visible mound. This effort revealed more extensive disturbed structural remains and a small selection of artifacts – most notably a fragment of hacksilver and a cu-alloy mount. The excavation was limited to the disturbed upper layers. In 2006 another, opposing quadrant (west) was excavated. It contained more disturbed layers and allowed for a fairly accurate comparison to the excavation archive from 1920. Two silver coins, datable to the second half of the 11th century were recovered from the northern rim of the mound, as well as a small number of badly preserved bones of sheep (or goat), pig and horse or cattle. Disturbed layers of stone and soil were removed, but lower levels were left intact.
We can conclude that the mound is man made, and dates back to the 11th century. The role of the mound remains a mystery, but it may have been erected as a memorial, or perhaps a burial mound. It may also be the last remains of a larger burial ground, together with a couple of other sites close by: the socalled Þorleifshaugur, an alleged burial find, and a circular feature, resembling a mound at Spöngin. The major part of the mound at Brennugjá remains unexplored and further work could perhaps determine the role of the site.

Efni:

Samantekt ... 3

English Summary ... 4

Inngangur ... 6

Fyrri athuganir og fornleifafundir ... 8

Uppgröftur 1920 ... 10

Hólbunga við mynni Brennugjár: Rannsóknin 2005-2006 ... 17

- Manngerðir hólar ... 17
- Markmið og aðferðir ... 18
- Uppgraftaraðferðir ... 19

Niðurstöður ... 21

- Enduruppgröftur 2005-2006 ... 21
- Túlkun ... 30
  - Búsetuminjar ... 30
  - Búðatóft ... 30
  - Galdrabrennur ... 31
  - Kuml ... 33
    - Staðsetningin ... 33
    - Tímasetningin ... 34
    - Umbúnaðurinn ... 35
      - Beinin ... 35
      - Forngripirnir ... 35
      - Íslenskir haugar ... 35
      - Grafir ... 36
      - Efniviðurinn ... 37

Niðurlag ... 38

Gripaskrá ... 39

Thomas H. McGovern: A Small Archaeofauna from Context 714, Þingvellir Iceland ... 40

Myndaskrá ... 44

Einingaskrá ... 47

Viðbætir ... 50

Inngangur

Árin 2005 og 2006 var gerð rannsókn á lítilli hólbungu við suðurenda Brennugjár. Var rannsóknin liður í stærra verkefni um athuganir á þingminjum hér á landi.
Árið 1998 hófst undirbúningur að fornleifarannsóknum á Þingvöllum og fól Þingvallanefnd Fornleifastofnun Íslands að taka saman greinargerð um stöðu rannsókna og gera tillögur um nýjar athuganir.[1] Á grundvelli þessarar úttektar var stofnað til samstarfs Fornleifastofnunar Íslands, Þingvallanefndar og Hins íslenska bókmenntafélags um rannsóknir á þinghaldi og fornum þingstöðum, undir stjórn Adolfs Friðrikssonar og dr. Sigurðar Líndal. Verkefnið hófst árið 2001 og eru helstu markmið þess að rannsaka minjar um þinghald á Íslandi, kanna aldur þeirra og ástand, og athuga skipulag þingstaða, staðsetningu, þróun og hlutverk í samfélagi fornaldar. Hefur einstaka þáttum verið gerð skil[2], en hér verður fjallað um árangur uppgraftar á einum rannsóknarstað, þ.e. á hólnum við Brennugjá á Þingvöllum. Um rannsóknina á haugnefnunni hefur verið fjallað á fundum og ráðstefnum 2005 til 2013[3], sem og í stuttum samantektum[4], en sú greinargerð sem hér er lögð fram er lokaskýrsla um uppgröftinn, ásamt sérfræðirannsóknum á forngripum og dýrabeinum.
Í þessari skýrslu er stöðu þekkingar og rannsókna lýst. Fjallað er um gömul og ný heimildavandamál og bent á nýjar túlkunarleiðir. Sagt er frá framvindu uppgraftar árin 2005 og 2006 og lýst þeim mannvistarleifum sem þá fundust. Túlkun og greining á þessum minjastað er afar vandmeðfarin, en jafnframt eru allmargir möguleikar fyrir hendi, ekki síst í

[1] Adolf Friðriksson & Orri Vésteinsson (1998) *Um fornleifar á Þingvöllum - frumathugun,* Fornleifastofnun Íslands, FS061-98121, Reykjavík.
[2] Adolf Friðriksson o.fl. (2002) *Þinghald til forna,*FS183-02141, Reykjavík ; -- (2004) *Þinghald að fornu - fornleifarannsóknir 2003*, FS233-02142, Reykjavík ; -- (2005), Þingminjarannsóknir árið 2004. *Þingstaðarannsóknir 2004*, Reykjavík, FS275-02143 ; -- (2005) *Þingvellir og þinghald að fornu - 2005*, FS294-02144, Reykjavík; -- (2006) *Þingminjar. Rannsóknir á fornum þingstöðum 2002-2006,* Reykjavík. Sjá einnig: Adolf Friðriksson (2011), Þingminjar. *Mannvist.* Birna Lárusdóttir (ritstj.), Reykjavík, s. 344-357.
[3] Adolf Friðriksson (2005) "Þingvellir í nýju ljósi", *Erindi haldið á þingi Kristnihátíðarsjóðs, "Hin forna framtíð", Þjóðminjasafni 1.-2. desember* ; -- (2006) "Political Landscapes in Late Iron Age Iceland. *A Paper given at the 12th Annual Conference of the EAA, Cracow, September 19-24, 2006*" ; -- (2008) "The Archaeology of Þingvellir. *A Paper given at the COST A27 Conference at Þingvellir*, 6.09.2008" ; -- (2008) "Fornleifar á Þingvöllum við Öxará. *Erindi haldið við Leiðsöguskólann*, 22. april 2008" ; -- (2008) "Iron-age Assembly Sites in Iceland. A *paper given at the Ancient Assemblies of Europe. Workshop at Þingvellir*, September 7th 2008" ; -- (2009) "Leyndardómar Þinghóls. *Erindi haldið í Safnahúsinu í Kópavogi*, 10. maí 2009" ; -- (2010) "Things we thought we knew. Recent work on Icelandic assemblies ", *Archaeology Seminars Institute of Archaeology and Antiquity University of Birmingham Jan 27, 2010* ; -- (2010) "Viking Age Iceland, *A Lecture at Cambridge University*, 4. March 2010"; -- (2011) "Body of Evidence. Death and Burial in Sagas and Archaeology", *A paper given at the Viking Society for Northern Research Student Conference, 12 February 2011, Newnham College, Cambridge*; -- (2011) "Things we thought we knew -recent work on Icelandic assemblies, *Medieval Archaeology Group Seminar*, 7th March 2011, McDonald Institute, Cambridge"; -- (2013) "Death, Cult and Assemblies in Ancient Iceland", *A Paper given at the TAG Conference in Reykjavík*, 21-25 April 2013; --(2013) "Regional Assembly Sites in Iceland", *A Paper given at the Assembly Project workshop in Hall in Tirol, May 10th 2013*; -- (2013) "Þingvöllur in Iceland. The problem of trade.", *A Paper given at the Assembly Project workshop in Hall in Tirol, May 10th 2013*; Adolf Friðriksson & Einar Á Sæmundssen (2009) "Ancient Assembly Sites in Iceland. A continuing challenge for archaeology. A paper given at the Reykholt Conference, September 4, 2009."
[4] Adolf Friðriksson o.fl. (2005) *Þingvellir ...* FS294-02144; -- (2006) *Þingminjar. Rannsóknir ... 2002-2006*.

ljósi nýrra rannsókna á þingstöðum og greftrunarstöðum úr heiðni. Mörgum spurningum er ósvarað um hólinn við Brennugjá og verður greint frá þeim í niðurlagi.

Við rannsóknirnar unnu Adolf Friðriksson, Bruno Berson, Louise Felding, Garðar Guðmundsson, Ramona Harrison, Hildur Gestsdóttir, Lilja Björk Pálsdóttir, Petra Möessleinm Oddgeir Isaksen, Óskar Gísli Sveinbjarnarson, Howell Magnús Roberts, Freya Sadarangani, James Taylor, Uggi Ævarsson og Vala Garðarsdóttir. Colleen Batey og Guðrún Alda Gísladóttir greindu forngripi og Anton Holt silfurpeninga. Magnús Á. Sigurgeirsson jarðfræðingur athugaði vísbendingar um gjóskulög. Thomas McGovern greindi dýrabein og fylgir sérstök skýrsla hans um þann þátt rannsóknarinnar. Kristjana Vilhjálmsdóttir skrifaði upp texta úr minnisbók um rannsóknir á staðnum 1920 og er hann látinn fylgja í viðbæti.

Höfundur þessarar skýrslu þakkar öllum þeim sem veitt hafa liðsinni sitt, þá einkum Þingvallanefnd, Sigurði Líndal, Sigurði Oddssyni, Einari Á. E. Sæmundsen, Guðrúnu Kristinsdóttur yfirlandverði, starfsmönnum þjóðgarðsins og Valhallar. Starfsmenn á Þjóðminajsafninu, þau Graham E. Langford forvörður, Gróa Finnsdóttir bókavörður, Inga Lára Baldvinsdóttir safnvörður og Már Einarsson skjalastjóri veittu ómissandi aðstoð við heimildaleit og myndefni. Eins ber að þakka Antoni Holt myntfræðingi, Jannie A. Ebsen forverði, og Skógrækt ríkisins á Suðurlandi. Aðstandendur verkefnisins eru þakklátir Kritnihátíðarsjóði fyrir veglegan stuðning við rannsóknirnar og þakka Þingvallanefnd fyrir gott samstarf, hvatningu og stuðning við verkefnið.

Verkefnið naut styrks úr fornminjasjóði árið 2021. Var sá stuðningur ómetanlegur til að ljúka úrvinnslu rannsóknargagna og birta afrakstur verksins í þessari skýrslu.



Mynd 1. Uppdráttur Samúels Eggertssonar, að fyrirsögn Matthíasar Þórðarsonar 1929).

Fyrri athuganir og fornleifafundir

Minjar á Þingvöllum eru jafn flóknar og þær eru margar. Á bæjarstæði Þingvallabæjar, í túninu og beggja vegna Öxarár er krökkt af fornleifum, sem oft hefur verið fjallað um, en fáar rannsóknir hafa verið gerðar með uppgrefti.[5] Leikir og lærðir hafa löngum borið saman frásagnir frá miðöldum um atburði á söguöld við sýnilegar minjar á staðnum, sem eru þó líklega frá öllum öldum Íslandssögunnar. Sígild er deilan um hvar Lögberg hafi verið sem og Lögrétta. Eru þessar deilur mjög áhugaverðar, ekki síst fyrir þær sakir að þær vitna um hve margt er óljóst um þennan merka sögustað þjóðarinnar. Lítið er t.d. vitað um aldur eða gerð mannvirkja eða stærð þinghelginnar og óvíst er hvað af minjum þar varða þinghald eða búskapinn á bænum. Í raun er lítið sem ekkert vitað um forsögu þingstaðarins, þ.e. 10. og 11. öld, áður en ritöld hefst á Íslandi. Uppgröftur á hólnum við mynni Brennugjár hefur leitt í ljós að hann er manngerður, og líklega frá 11. öld, eins og síðar verður vikið að. Hinsvegar er óljóst í hvaða tilgangi hann var hlaðinn og hvort honum bregði fyrir í frásögnum um atburði og minjar á Þingvöllum. Áður en fjallað verður um árangur uppgraftarins er því nauðsynlegt að athuga ritaðar heimildir um þingstaðinn og leggja mat á gildi þeirra fyrir túlkun á þessum minjastað.

Í lok Þorleifsþáttar jarlsskálds er sagt frá því þegar skáldið var vegið á Þingvelli. Gengur hann frá búð sinni, sem virðist hafa verið austan ár, og sér mann koma vestan yfir á. Var þar Þorgarður, sendur af Hákoni jarli, sem leggur til Þorleifs. Þorleifur drepur Þorgarð, snýr svo til búðar, kveður vísu og er allur: „haugur hans stendur norður af lögréttu, og sést hann enn“ [6]. Talið er að þátturinn um Þorleif Ásgeirsson geti verið frá um 1300 eða fyrra hluta 14. aldar[7]. Má vera að þessi söguþáttur sé meira eða minna uppspuni, en ekki er ástæða til að rengja orð sögunnar um staðhætti á þingstaðnum. Er ljóst af þessum fáu orðum að á Þingvelli hefur verið sæmilega áberandi kennileiti á 13. eða 14. öld, hóll eða mishæð, sem a.m.k. líktist haug úr heiðnum sið. Enda er hóllinn á miðju sviði frásagnarinnar í niðurlagi sögunnar, þegar sauðamaður af Þingvallabæ leggst á hauginn og nemur skáldvisku af haugbúanum.

Athyglisvert er að hól þessum bregður ekki fyrir í neinni annari frásögn um atburði á Þingvöllum. Þó væri óvarlegt að telja það vísbendingu um að haugurinn væri yngri en þær frásagnir, enda eru þær svo fáorðar um landslag og staðhætti að m.a.s. staðsetning Lögbergs veldur fræðilegum deilum eins og áður er nefnt.

Hægast væri að finna hauginn útfrá lögréttu, en vandinn er sá að staðsetning hennar, í heiðni og fram yfir ritunartíma þáttarins, er óþekkt. Af frásögnum um atburði á Þingvöllum má ráða að hún hafi sennilega verið fyrir austan eða norðan Öxará[8]. Á 16. öld kemur fram að hún stendur í hólma í ánni, og þarf að flytja hana vegna vatnsaga[9]. Hafi lögréttan verið fyrir austan á, gæti landið sem hún stóð á hafa orðið að hólma við breytingar á farvegi árinnar.

[5] Rannsóknarsaga er rakin í fyrri skýrslu um verkefnið, sjá: Adolf Friðriksson (2002) *Þinghald til forna,*FS182-02141, Rv., s. 16-34

[6] Eyfirðinga sögur *Íslenzk fornrit* IX, Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík, s. 227.

[7] Jónas Kristjánsson 1956. „Formáli að Þorleifs þætti jarlsskálds“. *Íslensk fornrit* IX, s. ci.

[8] Sbr. Matthías Þórðarson, op.cit 1921-22, s. 71).

[9] sbr. konungsbréf 20. mars 1563, sjá pr. í Matthías Þórðarson, op.cit 1921-22, s. 74, nmg. 1.: “Opið bréf konungs með fyrirmælum um að flytja alþingi á hentugan stað”, DI, XIV, p.64-65.

Öxarárhólmi er í ánni á móts við mynni Brennugjár og hefur hann við landsig skipst í fleiri hólma. Í lýsingu á búðaskipun á Alþingi, skráð árið 1700, eru nefndir Kagahólmi og Þorleifshólmi[10]. Ljóst er að Þorleifshólmi er austast í ánni, skammt frá mynni Brennugjár. Þar segir að lögrétta hafi verið flutt úr Kagahólma (1577) vestur í búð Þorgeirs Ljósvetningagoða.

Ekki er kunnugt um lýsingar á haugnum fyrr en á 18. öld. Sú elsta af þeim er líklega frásögn Jóns Ólafssonar frá Grunnavík. Hann var á Þingvöllum um 1724, og skrifaði skýrslu um fornmannahauga á Íslandi, um 1753. Þar segir hann hauginn standa austan ár og að í honum hafi fundist „lítil hestsmynd af metall þeim eða málmi, sem menn kalla fornmannafé“[11].

Í dagbók Eggerts og Bjarna frá 1756 segir að haugur Þorleifs hafi verið í hólmanum, en áin hafi brotið hann að mestu[12]. Að þeirra sögn fundust þar í leifar af járni og messing. I ferðabók þeirra frá 1772 segir að haugurinn sé horfinn[13]. Í skýrslu séra Páls Þorlákssonar frá 1817 segir að gjá hafi komið í haug Þorleifs í jarðskjálftanum 1789 og hann horfið[14]. Síðar á 19. öld, merktu Sigurður Guðmundsson sem og nafni hans Vigfússon[15] hól við Brennugjá á uppdrætti sína af Þingvöllum og nágrenni og getur Sigurður Guðmundsson þess að sumir telji hann vera haug Þorleifs Jarlaskálds[16]. Guðmundur Einarsson[17], sem var prestur á Þingvöllum 1923-28, var ekki í vafa um að Þorleifshaugur standi norðan við mynni Brennugjár. Matthías Þórðarson efaðist á hinn bóginn um að sagnir um haug Þorleifs við Brennugjár væru gamlar og jafnvel sprottnar af skoðunum Jóns Grunnvíkings[18]. Árið 1956 komst Kristján Eldjárn að þeirri niðurstöðu að fyrri höfundar eigi við sama hauginn, sem var á hólma í Öxará, en var „með öllu horfinn“ 1817. Tekur Kristján undir þá skoðun Matthíasar að sögusagnir hafi myndast um að það væri hóllinn við Brennugjá sem væri Þorleifshaugur[19].

Matthías Þórðarson gerði umfangsmiklar rannsóknir á Þingvelli 1920 og síðar og beindi m.a. sjónum að hólnum við Brennugjá:

„Að norðanverðu við mynnið á Brennugjá er ávöl hraunbunga, er gengur frá gjánni vestan-undir árkvíslinni, sem þar er, þegar mikið er í ánni. Á þessari hraunbungu er dálítill hóll, og er toppur hans 12 m. vestur frá akveginum...lagður þar 1907. Er vegurinn var gerður, hefur verið tekinn jarðvegur allur af hraunbungunni milli vegarins og hólsins, og nokkuð hafði þá verið tekið af sjálfum holnum; var það flag 10m út frá veginum og um 8m. að breidd“[20].

Matthías Þórðarson gróf í hólinn við Brennugjá árið 1920[21]. Í lýsingu hans kemur fram að jarðvegur hafi verið tekinn af hólnum þegar akvegur að Þingvallabæ var lagður í tilefni

[10] Jón Þorkelsson (1887) “Alþingis catastasis frá 1700 og 1735”, *Árbók hins íslenska fornleifafélags*, s. 43-47.
[11] AM 434 fol.
[12] IB 8 fol., 173 v.
[13] Eggert Ólafsson, & Bjarni Pálsson. (1772). *Vice-Lavmand Eggert Olafsens og Land-Physici Biarne Poulsens Reise igiennem Island*, s. 1032.
[14] *Frásögur um fornaldarleifar*, I, s. 219.
[15] Sigurður Vigfússon (1880-1881) “Rannsókn á hinum forna alþingisstað Íslendinga, og fleira, sem þar að lýtr”, *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags*, s. 8-52.
[16] Sbr. Sigurð Guðmundsson 1878, *Alþingisstaðurinn forni*, s. 44. Sjá einnig: Kálund, *Isl. Beskriv*., I., s. 123-25.
[17] (1943) “Þingstaðurinn forni á Þingvelli”, *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1941-42*, s. 34-39
[18] Matthías Þórðarson (1943) “Lögrétta og Lögberg”, *Árbók hins íslenska fornleifafélags* 1941-42, s. 40-68.
[19] Kristján Eldjárn (2000) *Kuml og haugfé*, bls. 92-93.
[20] Matthías Þórðarson, op.cit. 1945, s. 113.
[21] Matthías Þórðarson (1921-22) “Fornleifar á Þingvelli”, *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags*, 61; sami 1945, *Þingvöllur*, s. 113-114, 173.

konungsheimsóknar 1907.
Í hólnum voru lausir steinar og mikill jarðvegur. Lýsti hann staðnum sem grjótdyngju, og taldi e.k. bálk vera í miðju hennar, með þústum út við brúnir á austur og vesturhlið. Grjótdyngjan mældist um 5,5 m A-V og tæplega 4 m N-S. Í hólnum fann hann minniháttar öskudrefjar og birkikol. Þar voru einnig illa farnar beinaleifar, og leifar af silfurpeningi, sem varð að dufti áður enn unnt var að greina hann til tegundar. Svo virtist sem á honum væri vinstri vangasvipur á annari hlið en kross á hinni, og náði út allan flötinn, og á brúninni var tvöföld lína. Jafnframt fundust leifar af járnnagla og járnbrot.
Taldi Matthías víst að hóllinn væri manngerður, og minnti að því leyti á haug sem hafði verið grafinn út áður og rótað í, en hann treysti sér ekki til að fullyrða að hér hafi verið greftrunarstaður. Fjallað verður rækilega um uppgröftinn um í næsta kafla.

Uppgröftur 1920

Eftir Matthías Þórðarson liggja tvær stuttar lýsingar á hólnum og uppgreftinum 1920 sem hann birti strax 1921 og aftur1945[22], með vísun í frumgögn sem varðveitt eru á Þjóðminjasafninu. Þau gögn samanstanda af fjórum ljósmyndum, og fimm blöðum í minnisbók þjóðminjavarðar 1920 þar sem í eru tvær skissur og stuttur dagbókartexti. Er uppskrift af þeim texta látin hér fylgja í viðbæti til frekari glöggvunar. Auk þessa er í filmusafni Matthíasar mynd af póstkorti sem Brennu-Helgi hefur sent Matthíasi og sýnir uppgröftinn[23]. Tvær ljósmyndir sýna hauginn fyrir rannsókn, önnur úr austri, hin úr norðri.

[22] Matthías Þórðarson (1921-22) “Fornleifar á Þingvelli”, *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags*, 61; sami 1945, *Þingvöllur*, s. 113-114, 173
[23] Inga Lára Baldvinsdóttir, munnl. uppl.; Brennu-Helgi: þ.e. íþrótta- og útivistagarpurinn Helgi Jónasson frá Brennu.

Mynd 2 Hóll fyrir rannsókn, mynd tekin frá vegi, úr A. Maðurinn situr á barði sem sýnir NV hornið á raski vegagerðar og flagið undir fótum. Vestan við manninn ber háhólinn í Öxará.

Mynd 3. Myndin er tekin úr NNA, fyrir rannsókn. Hólinn ber í Þingvallakirkju.

Í útgefinni bók Matthíasar um Þingvöll er loks birt mynd sem virðist sýna hauginn eftir uppgröft, þ.e. eftir að Matthías og félagar höfðu lokað skurðum og endurhlaðið hauginn[24]. Í minnisbókinni er lýsing á haugnum fyrir uppgröft og afrakstri rannsóknar. Þar eru og tvær skissur, þ.e. afstöðumynd og teikning er sýnir takmörk uppgraftar og grjót í haugnum.
Teikningarnar hafa ekki áttatáknanir eða kvarða, en vegurinn á þessum slóðum lá u.þ.b. N-S, og sjá má af loftmyndum frá f.hl. 20. aldar að hann lá nánast í sama vegarstæði og núverandi vegur. Með hliðsjón af textalýsingu og mælingum á fjarlægð milli vegar, hóls og árkvískar virðist afstöðumyndin teiknuð u.þ.b. í kvarðanum 1:100. Hver rúða á pappírnum samsvarar þ.a.l. um 2 m. Teikningin sýnir veginn austan við hólinn. Grófar hæðarlínur sýna lögun hólsins og milli hóltopps og vegar er sýnt umfang rasks vegagerðarmanna. Samanburður á eldri og yngri rannsóknarniðurstöðum getur verið vandasamur, en öll þessi atriði auðvelda hann.

[24] Op. cit. 19,45, ljósmyndasíða anspænis síðu 157.



Mynd 4. Afstöðumynd frá 1920 (norður snýr upp). Úr minnisbók Matthíasar Þórðarsonar 1920 (Þjms.). Lengst til hægri er vegurinn, þá hraunbunga, síðan rask eftir vegagerð (skástrikað), hóllinn og loks árkvísl Öxarár.

Mynd 5. Við uppgröft. Myndin er tekin úr NA, líklega á fyrri degi uppgraftar. Fremst til vinstri við mennina er barðið sem vegagerðarmenn skildu eftir.

Þrjár ljósmyndir sýna uppgröftinn á mismunandi stigum. Með hliðsjón af lýsingum í minnisbókinni virðist ein myndanna hafa verið tekin fyrri dag rannsóknar, og hinar tvær seinni daginn. Uppgraftarskissan í minnisbókinni virðist teiknuð í kvarðanum 1:50. Hún sýnir skarð vegna vegagerðar í austurhlið hólsins og virðist sem um þriðjungur hólsins hafa verið fjarlægður. Ummál hól er sýnt sem og takmörk uppgraftar. Svo virðist sem grafið hafi verið ofan af efsta hluta hólsins og sá skurður verið allt að 7m N-S, og 5 m A-V. Ekki er fullt samræmi milli ljósmynda, uppgraftarskissu og lýsingar sem henni fylgir.

Matthías nefnir að fyrst hafi verið grafinn skurður sunnantil í hauginn og norður yfir hóltoppinn, um 1,25 m breiður. Samkvæmt minnisbók var um 40-50 sm þykkur jarðvegur fjarlægður og kom í ljós röð af steinum beggja vegna. Austan við steinaröðina á austurbrún skurðar var tvöföld röð af steinum sem lá ofar í moldinni (um 25sm), um 75 sm breið austur að skarði vegagerðar frá 1907, en gæti hafa verið breiðari. Samkvæmt skissu virðist þessi steinaröð, sem Matthías vísar til sem „grjótbálks“, lá langsum eftir vesturmörkum rasks frá 1907. Á skissunni er reyndar einungis sýnd tvöföld röð af steinum, en ekki sú sem sagt er að hafi fundist fyrst í austurbrún skurðar.

Vestan grjótbálks var grjótlaus „skor“, með sömu stefnu, og sem náði niður að hraunbungunni undir hólnum. Þá tók við einföld röð af steinum á ská, „skáveggur“ með orðum Matthíasar, með stefnu frá SSA til NNV. Vestan hennar var önnur grjótlaus skor og loks hálf-hringlaga þúst af grjóti sem Matthías vísar til sem stóru þústarinnar. Lítil grjótþúst var einnig norðan við raskið 1907 og skammt austan við áðurnefndan grjótbálk. Þessi sömu ummerki má að nokkru lesa úr uppgraftarskissunni.

Grafinn var skurður nær hringinn í kringum mannvirkjaleifarnar og niður að hrauni.

Á mynd 10, sem tekin er úr austri, sést grjótbálkurinn í forgrunni, en grjótlaus skor innan við

hann. Verkamenn standa í skurðinum. Maður með sixpensara stendur sunnan bálksins, en maður með hatt stendur vestan við stóru þústina. Mynd 11 virðist vera tekin á sama tíma, úr vestri. Fremst á myndinni er maðurinn með hattinn og stendur ofan í skurði, norðvestan við stóru þúst, en sixpensarinn er við uppgröft í skurðinum sunnan við bálk.



Mynd 6. Úr minnisbók Matthíasar. Teikningin sýnir efsta lag grjótdreifar í hólnum. Teikningunni er snúið á þann veg að norðurhlið skurða vísar upp.

Matthías tilgreinir að hver og einn steinn sem við blasti hafi verið teiknaður, síðan voru þeir fjarlægðir og steinar sem neðar lágu er lýst, en á ljósmynd má sjá menn grafa sunnan frá og yfir háhólinn. Mold og grjóti úr frákastinu hefur verið mokað ofan í skarðið sem vegagerðarmenn skildu eftir sig 1907. Á sömu mynd sést að vesturhluti hólsins er enn ógrafinn, þannig að líklega hefur eitthvað af grjótinu farið strax í upphafi.
Matthías lýsti uppgraftarsvæðinu sem nær samfelldri grjótbreiðu, alls um 5,5 m A-V, og um 4 m N-S, sem hann skipti í bálk, skávegg, skorur, stóru og litlu þúst.

Bálkurinn var um 3,9 m að lengd, N-S og 0, 9 m breiður. Þegar steinar voru fjarlægðir ofan af bálknum fannst þar undir mold og undir henni annað steinalag. Nyrst í bálkinum fundust birkikol, smávægilegar beinaleifar, þ.m.t. brunnin bein, járnnagli og ókennilegar járnleifar og silfurpeningur[25]. Peningurinn var mjög illa varðveittur en Kristján Eldjárn hefur bent á að hann gæti hafa verið af sláttu Knúts ríka (1016-35)[26]. Grafið var niður með hliðum og suðurenda bálks og niður í óhreyft leirlag sem sem var um 5-10 sm þykkt og á yfir hrauninu undir mannvistarlögunum. Athyglisvert er að ofan á óhreyfða laginu var 10-15 sm þykkt lag sem Matthías taldi vera grófgerðri, svartri eldfjallagjósku. Ofan á því var „moldarflag“ um 20 sm þykkt en á því sátu steinarnir og mynduðu lag sem var um 20-30 sm.

Lýsing á litlu þústinni norðan og austar samsvarar mjög því sem þegar er sagt um bálkinn. Var hún um 2m N-S og 1,2 m A-V. Undir efstu steinum var mold og síðan annað steinalag þar undir. Beinaleifar fundust þar á tveimur stöðum og grafið var niður í óhreyft leirlag.



Mynd 7. Skissa af silfurpeningi sem fannst undir grjótbreiðu austarlega á rannsóknarsvæðinu á hólnum. Úr minnisbók, 27.8.1920, ópr. Þjs.

Milli bálks og stóru þústar var um 1,10 m breitt bil og þar í skorurnar tvær og áðurnefndur skáveggur. Þegar efsta grjótið í stóru þústinni og hleðslunni austan við hana (væntanlega skáveggnum) var fjarlægt virðist mega skilja lýsingu Matthíasar sem svo að þar undir hafi komið í ljós steinaraðir eða hleðslur á hvorum stað. Neðri steinaröðin var undir þústinni miðri og var um 2 umför, óregluleg að lögun og fundust beinaleifar, einkum leggjabrot, nyrst og austast[27]. Var þústin um 3,10 m að lengd N-S og 2,30 m að breidd. Ekki er tilgreint hvort neðri hleðslur á þessum stöðum hafi verið fjarlægðar eða grafið niður í óhreyfðan jarðveg, en utan við þústina (óljóst hvar) fundust birkikolaleifar. Ekki kemur fram hvort undir þessum hleðslum hafi verið mold, meint gjóska eða óhreyfð lög.
Að lokinni rannsókn var frákastinu og grjótinu aftur kastað í hauginn og tyrft yfir með grashnausum. Verður nánar vikið að túlkun á þessum mannvistarleifum í samhengi við afrakstur uppgraftar 2005-2006.

[25] Þjms. 8186
[26] Kristján Eldjárn, 2016. *Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi*, Reykjavík: Mál og menning, 3. útg., s. 425.
[27] Í aðfangabók Þjóðminjasafns (komudagur 27.8.1920) eru skráð kindabein (Þjms .8181), fuglabein (Þjms. 8182), 2-3 ryðbrunnir járnmolar (Þjms. 8184), viðarkol og birki (Þjms. 8185).

Mynd 8. Myndin er tekin úr SA, seinni dag uppgraftar. Hún virðist sýna „bálkinn“ í forgrunni hægra megin, skoruna, og loks „stóru þústina“ utar. Grafarar standa í bogadregnum skurði utan við stóru þúst.

Mynd 9. Myndin er tekin úr vestri, seinni dag uppgraftar. Í baksýn vegurinn og Brennugjá. Myndin virðist sýna vesturenda „stóru þústarinnar“ og mennirnir í skurðinum norðan og sunnan. Merkilegt hve djúpt þeir virðast hafa grafið, sbr manninn. Sér í veginn, og undirbyggingu úr hranusteinum í lægð við Brennugjá.

Hólbunga við mynni Brennugjár: Rannsóknin 2005-2006

Hóllinn við Brennugjá var tekinn til rannsóknar á ný og var það liður í þingstaðarannsóknum 2001-2006. Markmið rannsóknarverkefnisins í heild var að kortleggja þingminjar, kanna ástand þeirra eða afdrif, og afla vísbendinga um skipulag og innri gerð, þróun og aldur mannvirkjaleifa. Hóllinn við Brennugjá er merkur m.a. fyrir þær sakir að ekki er kunnugt um manngerða hóla á öðrum íslenskum þingstöðum. Reyndar liggur ekki fyrir að hann tilheyri þingstaðnum, en hann stendur nærri kjarna þinghelginnar og líkur eru á að hann sé frá sama tíma og alþingishald á miðöldum. Þrátt fyrir mikið rask, gæti frekari rannsókn gefið nýjar vísbendingar um aldur og fyrra hlutverk hans.

Manngerðir hólar

Verkefnið er liður í að afla nýrrar vitneskju um gerð þingstaða á víkingaöld og miðöldum. Talið er víst að búðir hafi verið á þingstöðum, en nær ekkert vitað um önnur möguleg mannvirki. Rannsókn á manngerðum hól þar sem dýrgripir hafa fundist gæti reynst mikilvæg viðbót við þekkingu okkar á Alþingi, sem og gefið vísbendingar um hvað gæti verið að finna á öðrum þingstöðum, þ.e. íslenskum vorþingum jafnt sem erlendum héraðsþingum.

Manngerðir hólar frá fornöld hafa til þessa ekki verið rannsakaðir hér á landi sem sérstakt viðfangsefni. Einu manngerðu hólarnir sem þekktir eru frá þessum tíma, hafa verið leifar af haugum sem reistir voru yfir heiðnar grafir. Þrátt fyrir að rannsóknir á kumlum hafi lengi verið stundaðar, þá er vitneskja á hauggerð reyndar líka afar takmörkuð. Á síðustu árum hafa verið gerðar rannsóknir á haugleifum á Ingiríðarstöðum, Dysnesi og Hrífunesi og hafa þessir uppgreftir breytt hinni hefðbundnu afstöðu að haugar á Íslandi hafi verið litlir og óverulegir. Þessar nýju rannsóknir sýna að hauggerð hefur verið fjölbreytt og því er margt enn ókannað á því sviði. Til þessa hafa ekki fundist „tómir“ haugar á kumlateigum, líkt og kunnugt er um erlendis (gr. *kenotaphion*), þ.e.a.s. manngerðir haugar sem gætu hafa verið reistir sem minnisvarðar, innan um aðra greftrunarhauga. Hvað hólinn á Þingvöllum varðar, þá er hann sá fyrsti manngerði hóll sem rannsakaður hefur verið og gefur því möguleika á samanburði við sambærilega hóla erlendis, auk þess sem að hér á landi geti í raun leynst fleiri samsvarandi mannvirki, sem fyrri kynslóðum fræðimanna hefur sést yfir. Eitt þekktasta dæmi þar um er s.k. Skallagrímshaugur í Borgarnesi. Varðandi tóma hauga á nærliggjandi menningarsvæðum er syðri haugurinn í Jellynge einna þekktastur. Hinsvegar ber að hafa í huga að ekki er hægt að fullyrða að hóllinn á Þingvöllum standi á kumlateig, né að mannabein hafi verið upphaflega í honum eða hann reistur sem haugur eða minnisvarði um fallinn mann eða konu.



Mynd 10. Afstöðumynd. Manngerði hóllinn er við austurbakka Öxarár um 300 m norðan við bæinn, táknaður með rauðum hring.

Markmið og aðferðir

Að ofan var fjallað stuttlega um megininntak þingstaðarannsóknanna 2001-2006. Markmið uppgraftar á hólnum við Brennugjá skiptist í tvo þætti, að svara tilteknum rannsóknarspurningum annarsvegar og hinsvegar að aðgreina ummerki um rask á 20. öld frá upprunalegri gerð. Spurningarnar eru eftirfarandi: Er unnt að staðfesta grun fyrri rannsakenda um að hóllinn er manngerður? Hver er bygging og innri gerð hólsins? Hvenær var hann reistur, og í hvaða tilgangi?

Þegar um er að ræða mjög raskaðar minjar, sem að auki eru fágætar eða jafnvel einsdæmi, er mikilvægt að gera vandaða rannsókn á raskinu og heimildum um það, áður en gerð verður fullnaðarrannsókn á mannvirkinu í heild. Slík rannsókn veitir ekki nema takmarka sýn, en gefur engu að síður góða möguleika á að svara ofangreindum rannsóknarspurningum, auk þess sem hún greiðir götuna að frekari rannsóknum á staðnum.

Uppgraftaraðferðir

Til grundvallar aðferðum og öðru skipulagi rannsóknarinnar liggja þrjár meginforsendur:

> Í fyrsta lagi var ljóst að hólnum við Brennugjá hafði verið stórkostlega raskað á fyrri hluta 20. aldar.
>
> Í öðru lagi varð að gera ráð fyrir að óvissa sem minjarask skapar gæti haft áhrif á hvaða nálgun þætti líklegust til að ná bestum árangri.
>
> Í þriðja lagi er mannvirkið ekki flatt, heldur ávalur hóll, sem krefst að valdar séu viðeigandi uppgraftaraðferðir.

Til að mæta þessum ögrandi aðstæðum var kosið að beita hinu sígilda fyrirkomulagi haugarannsókna, þ.e.a.s. að skipta svæðinu frá ætlaðri miðju, í fjóra hluta og rannsaka einn eða fleiri fjórðunga eftir því þurfa þætti til að ná markmiðum verksins.

Grafinn var fjórðungur í fyrsta áfanga, og gagnstæður reitur í seinni áfanga. Eftir því sem rannsókn vatt fram voru jarðlög, skurðlög og mannvirkjaleifar grafin fram í fleti, skilgreind og skráð sem stakar einingar, gefin númer, gerð lýsing á innihaldi, lögun og umfangi, þær mældar og teiknaðar og ljósmyndir teknar. Innihald hvers lags fyrir sig var sigtað. Loks var samband þeirra við aðrar aðliggjandi einingar skilgreint og því lýst. Náskyldum einingum var jafnan haldið aðskildum undir mismunandi númerum. Með þessu móti var unnt að skoða einingarnar í fleti og þversniði og fá þannig skýrari mynd af hverri og einni. Staðsetning funda og beina var mæld í hæð og fleti.

Áhersla var lögð á að reyna að finna ummerki um fyrri uppgröft og rask, til aðgreiningar frá upprunalegum umbúnaði í haugnum. Af því leiðir að minjastaðurinn var ekki allur grafinn upp: grafnir voru tveir, gagnstæðir fjórðungar, en tveir eru ógrafnir. Efstu mannvistarlög, sem talin voru hluti af yngra raski voru fjarlægð að skráningu lokinni. Neðstu mannvistarlög, þau sem minnst voru röskuð, voru ekki fjarlægð, heldur skilin eftir til að varðveita enn um sinn samhengi við sambærilegar leifar haugsins sem eru líklega varðveittar í ógröfnu reitunum. Svo sem fyrr segir er takmark rannsóknarinnar að greiða í sundur rask frá upprunalegum minjum og láta reyna á nokkra túlkunarmöguleika áður en ráðist verður í heildarrannsókn og öll ummerki um þennan merka minjastað afmáð.

Við lok uppgraftar var frákastið notað til að fylla í skurðina og tyrft yfir með því torfi sem fjarlægt var í upphafi.



Mynd 11. Hluti rannsóknarhópsins situr á hólnum við Brennugjá eftir uppgröft og frágang.

Niðurstöður

Uppgröfturinn 2005-2006 staðfestir niðurstöðu Matthíasar Þórðarsonar 1920 um að hóllinn á hraunbungunni við Brennugjá er sannarlega manngerður. Um það vitna hreyfð jarðlög, aðborið grjót, bein og forngripir. Hinsvegar er ekki einfalt að draga upp mynd af gerð mannvirkisins: Rask við vegagerð spillti nær helmingi hans, aðrar leifar hólsins voru grafnar upp 1920 og hóllinn síðan „endurhlaðinn“ sama ár. Auk þessa hefur hóllinn veðrast og sigið, og loks ber að nefna að jarðvegurinn sem hann er gerður úr er mjög einsleitur og t.a.m. snúið að greina ummerki um rask á 20.öld frá upprunalegu fyrirkomulagi.

Enduruppgröftur 2005-2006

Mynd 12. Endurgerður hóll við Brennugjá

Að lokinni rannsókn 1920, hlóðu Matthías og menn hans hólinn upp á ný. Í riti hans um Þingvöll (Rv, 1945) er birt mynd af haugnum, þar sem hann stendur vestan við veginn, ávalur reisulegur. Er hún tekin austan við Brennugjá og umfang hólsins sýnir svo ekki verður um villst að myndin var tekin eftir uppgröft og endurhleðslu. Þetta „nýja“ mannvirki varð viðfangsefni okkar 2005-2006.

Fyrir uppgröft var yfirborð hólsins og lögun athuguð og hann síðan mældur upp með hnitsetningarmæli. Myndin að ofan sýnir yfirborð hans með 5 sm hæðarlínum. Árið 2005 var haugurinn um 1 m hærri en yfirborðið í kring, brattastur sunnanmegin og vestan, en aflíðandi austan og norðan. Virðist hóllinn vera um 10 m þvermál á hvorn veg, en kjarni hans er minni, um 6 m á hvorn veg og liggur ekki í miðju, heldur suðvestanvert innan flatarins. Lögun hólsins var fremur ógreinileg, en ljóst að hann hefur veðrast talsvert á þeirri öld sem liðin er frá því Matthías Þórðarson lét endurgera hann að uppgrefti loknum 1920.



Mynd 13. Manngerður hóll við Brennugjá. Hæðarlínur sína 5 sm hæðarmun. Ferhyrndu reitirnir sýna takmörk uppgraftar og merkingar á skurðum 1-4. Hringurinn umhverfis er sýndur til að gefa til kynna umfang og lögun haugs, en með þeim fyrirvara að takmörk hans eru óljós.

Við undirbúning uppgraftar var tekið mið af hæðarmælingum til að ákvarða líklega miðju eða topp hólsins. Þar eð óljóst var í upphafi hvort þessi staður væri í raun enn mögulegt rannsóknarefni, var grafinn prufuskurður frá miðju og til NA, 4 m langur og 1 m breiður (SK1 á mynd 14). Var uppgraftarsvæðið síðan stækkað um 4 m til SA (SK2) og samsvaraði austur-fjórðungi hólsins. Árið 2006 var grafinn annar fjórðungur vestan megin og var hann um 3,5 m á hvorn veg (SK3) en stækkaður um 2 m til NA (SK4).
Undir grasrót og yfirborði [001] lá mikið hreyft moldarlag, fremur laust í sér, með blettum af dökkri mold og gjóskuflekkjum og steinum hér og þar bæði í austur- [461, 467, 468] og vesturhluta [700, 701, 702, 705] og reis hæst í miðju, en lækkaði skart og þynntist út þegar nær dró ystu mörkum [469, 470, 471, 704, 711, 712, 713]. Í yfirborðslaginu [461] fannst lítill gripur úr bronsblöndu, líklega festing á klæði (2005-2-005) og í [467] ókennilegt, lítið járnbrot (2005-2-6).
Undir þessum yfirborðslögum, utanvert í haugnum voru óreglulegir blettir af minna blandaðri

mold með stöku steinum í, kolamolum og eða torfusneplum [455, 456, 470-4, 476, 706], og torfleifar einkum áberandi þar sem haugurinn hvarf til austurs [485].

Mynd 15. Myndin er tekin úr austri og sýnir grjótdreif [461, 467] sem birtist við upphaf uppgraftar í austurfjórðungi.

Mynd 16. Vesturfjórðungur, horft til suðurs. Þéttar steinaraðir eru mögulega hluti af lítið röskuðum leifum haugsins. Beinin lágu ofan á flötu steinaröðinni vinstra megin við miðju. Silfurpeningarnir fundust framan við bogadregnu steinaröðina fyrir miðri mynd lengst til hægri.



Mynd 17. Yfirborðslög. Á uppdrættinum er sýnd grjótdreif sem lá efst í hólnum.



Mynd 18. Uppdrátturinn sýnir yfirborðslög í jaðri haugsins.



Mynd 19. Fundarstaðir gripa.

Í síðastnefnda laginu [485], í austurjarðri haugsins, fannst lítill forngripur úr silfri (nr 2005-2-7). Er það brot af silfurþynnu, með hömruðu mynstri öðru megin. Hefur hún verið bútuð úr armbaugi úr silfri. Vegur hún um 1/10 úr eyri, og er eflaust gangsilfur, skiptimynt frá ofanverðri járnöld.
Athyglisvert er að nærri jaðri haugsins vestanmegin [708] fundust einnig silfurmunir, tveir peningar (nr. 2006-30-52, 2006-30-53), en sá þriðji reyndist of máður til að unnt væri að greina til tegundar (nr. 2006-30-55). Anton Holt myntfræðingur telur að peningarnir, þeir er greindir verða, séu norskir og frá 1065-1080.



Mynd 20. Gangsilfur fundið á Þingvöllum 2005

Mynd 21. Silfurpeningar úr hólbungunni við Brennugjá. Framhlið og bakhlið

Fast austan við miðju haugsins var sæmilega regluleg röð af steinum með stefnu NNA-SSV [458] sem sat á óhreyfðum jarðvegi neðst [459] og hefur líklega ekki verið raskað við í seinni tíð. Meðfram austurbrún steinaraðarinnar vottaði fyrir brún eða mögulegum niðurgrefti [460]. Upp að brúninni lá moldarlag sem var laust í sér og með stöku kolaflekkjum [457] og sat á dökkbrúnum og einsleitum jarðvegi [475].
Við miðju, undir hreyfðum yfirborðslögum, var hola [709], ferhyrnd, um 80 sm á hvorn veg og líklega eftir rannsóknarmenn 1920. Hafði töluverðu af grjóti verið hent í hana [703, 707]. Þessi niðurgröftur skar eldra lag [710] sem er tiltölulega einsleitt moldarlag og þar í var töluvert af grjóti sem lá þétt saman. Undir þessu lagi var aflangur moldarblettur, um 140 sm N-S og 70 sm A-V, með töluverðu af beinaleifum í [714]. Sat hann á fremur reglulegri breiðu af steinum. Dr. Thomas McGovern dýrabeinafræðingur hefur skoðað beinin og telur þau vera úr kind eða geit, ásamt svíni og stórgrip.

Mynd 22. Dýrabein í haugnum við Brennugjá.

Við upphaf rannsóknar var ekki laust við vonbrigði yfir því hve öll kennimerki voru óglögg, engir skurðir frá 1920 blöstu við, allur jarðvegur virtist fremur einsleitur, engin sýnileg lagskipting og engin samanhangandi gjóska. Bættist þessi vandi við þá staðreynd að jarðvegur allt í kring hafði verið hreinsaður ofan af hraunbólunni sem haugurinn stendur á árið 1907.
Við uppgröftinn virtist okkur í fyrstu sem komið væri niður á grjóthlaðna veggi og jafnvel torfhleðslur. Sjá mátti nokkuð reglulegar og samstæðar línur af grjóti sem lágu u.þ.b. NV-SA og snepla af torfi. Þegar betur var að gáð var ljóst að ekki var um hleðslur að ræða. Lá grjótið óreglulega, það var af mismunandi stærðum og féll ekki saman. Mörk milli upprunalegs umbúnaðar og seinna rasks virtust svo óljós að erfitt gæti reynst að staðsetja hinar ýmsu einingar og aðra fundi sem skráðir voru 1920. Athygli vakti stór breiða af lausum, misstórum steinum [467, 468, 471] austur og suðaustur af toppi hólsins, þ.e. á því svæði sem ætla hefði mátt að mest væri raskað og allir steinar fjarlægðir fyrir vegagerðina. Þegar ummerkin eru borin saman við eldri gögn blasir skýringin við: grjótið er ekki á upprunalegum stað, heldur frákast frá 1920 þegar efri lög bálks og þústa voru fjarlægð. Ljósmyndir sýna að grjótinu var kastað niður undir barðið sem myndar skilin milli haugs og vegagerðarrasks. Segja má að skarðið eftir vegagerðina 1907 sé í raun skýrustu ummerkin og jafnframt lykilinn að samanburði eldri gagna og yngri. Þessu til stuðnings má nefna að efst upp við hóltoppinn var niðurgröftur [460] og hjá glytti í óhreyfðan jarðveg [459], en þessi ummerki hverfa undir uppgraftarmörk 2005. Líklega er skarðið frá 1907 undir ógrafna fjórðungnum sunnan þeirra reita sem rannsakaðir voru.
Þegar afrakstur uppgraftar 2005-6 var borinn saman við lýsingu og myndir frá 1920 varð strax ljóst að mjög erfitt yrði að fella þessar lýsingar að nýjum gögnum. Líklegt er að öll efstu lögin séu leifar enduruppbyggingarinnar frá 1920, en minni um sig enda hefur jarðvegurinn verið

laus í sér og sigið og veðrast s.l. 100 ár. Eru þessi ummerki næst yfirborði skráð undir allnokkrum númerum, en jarðlögin eru í raun mjög svipuð, þ.e. óregluleg í lögun, misþykk, og mjög blönduð mold með grjóti.
Ekkert kom fram sem voru ljóslega leifar þústa og bálks, sem Matthías lýsti 1920. Ef neðstu ummerki eru borin saman við þá lýsingu virðist mögulegt að draga nokkrar ályktanir. Hinn svokallaði bálkur, eða leifar hans sjást ekki og má vera að þær liggi að hluta undir ógrafna fjórðungnum til suðurs. Austast í vesturfjórðungnum var talsvert af grjóti [710] og gætu þar verið leifar litlu þústar, sem hverfur undir ógrafna svæðið til norðurs. Nyrst í uppgreftinum var töluvert af grjóti sem lá fremur þétt saman, þar var jarðvegur og þéttari, með meiri viðarkolaflekkjum og þar í lágu áðurnefndir silfurpeningar. Líklegt er að þetta svæði [708] séu leifar stóru þústarinnar. Á milli þessara tveggja svæða liggur tvöföld röð af steinum og á henni afgerandi lag með dýrabeinum [714]. Þar í fannst lítill hlutur úr koparblöndu, mögulega e.k. beit á reiðtygjum (nr. 2006-30-60). Steinaröðin hefur áberandi aðra stefnu en annað grjót. Gæti þar verið kominn hinn s.k. skáveggur. Því til stuðnings má nefna að nær ekkert grjót var austan eða vestan þessarar steinlagnar, og samræmist það þeim „skorum“ sem munu hafa verið á milli skáveggjar og bálks annarsvegar og stóru þústar hinsvegar. Ef þessi ályktun er nærri lagi er líklegt að innbyrðis afstaða og hlutföll einingana á teikningunni frá 1920 (bálkur, þústir, skáveggur, skorur) hafi ekki verið jafn regluleg og lýsingin gefur til kynna, heldur megi segja að gögnin bregði upp skematískri mynd af leifum minjanna.

Athyglisverðust eru þau ummæli Matthíasar að hólnum hafi sennilega þegar verið „raskað mjög“ og á þá ekki við vegagerðina 1907, heldur eldri ummerki. Skýrir það m.a. hversvegna ekki fundust nema stöku blettir af tiltölulega einsleitum moldarlögum, og þá helst út við jaðrana, en miðjan langmest röskuð. Má vera að margoft hafi verið farið í hauginn við Brennugjá, enda í alfaraleið á þingstað þjóðarinnar.
Svo sem áður segir, voru elstu mannvistarlögin í fjórðungunum ekki fjarlægð, enda líklegt að í þeim felist vísbendingar um upphaflega hauggerð. Verði eftirstandandi fjórðungar rannsakaðir, verður unnt að herða á ofangreindri túlkun á ummerkjum um fyrra rask, sem og skoða elstu lögin í heild. Þar eð grafinn var skurður hringinn í kringum grjótþústir í miðju er líklegt að unnt verði að rekja hann og greina betur það sem er upprunalegt frá síðara raski.
Eftir stendur að leggja mat á jarðlag sem kom fram 1920, en það mun hafa legið ofan á óhreyfðri mold, en undir haugnum, um 10-15 sm þykkt, svart og gróft og álitið vera eldfjallagjóska. Nú hafa gjóskulög í Þingvallasveit verið rannsökuð á síðustu áratugum, í mýrum og vatnaseti sem á þurru landi og í tilefni af fornleifarannsóknum. Gjóskulög frá sögulegum tíma sem vænta má að finnist við fornleifarannsóknir á svæðinu eru einkum Kötlulög (1918, 1721, 1500, 920), miðaldalagið frá Reykjanesi (1226), Eldgjá (934) og landnámslagið (870). Öll eru þessi lög meira eða minna þynnri en 1 cm á svæðinu. Má vera að árið 1920 hafi verið grafið niður á forsögulega gjósku, jafnvel frá nærliggjandi eldstöðvum, t.d. Hengli, enda lagið þykkt og gjóskan grófgerð. Eins má vera að gjóska hafi varðveist þar sem haugurinn reis, en horfið í kring, enda jarðvegsmyndun lítil. Við uppgröftinn 2005-6 fundust hvergi óröskuð gjóskulög, en vottur var af landnámsgjósku í torfusneplum.
Slitrur af landnámslagi í torfi gefur ekki aðra vísbendingu en þá að haugurinn hafi verið reistur eftir að það féll. Gripirnir gefa óvenjuskýra ábendingu um aldur mannvirkisins. Silfurpeningar þeir sem greindir verða eru líklega frá ofanverðri 11. öld og gangsilfrið gæti

verið frá þeim tíma einnig. Sjaldgæft er að finna silfurpeninga eða silfurmuni í íslenskum fornleifum, en nú eru fundnir alls 5 slíkir í hólbungunni við Brennugjá. Er það ekki lítið og þá sérstaklega ef til þess sé tekið að þegar hafði verið rótað í hólnum, og jafnframt að uppgröfturinn náði aðeins til hluta hólsins.

Andstætt við silfur, þá er algengt að finna dýrabein í uppgrefti. Við hvern bæjarhól eru gjarnan stórir öskuhaugar og víða mannvistarlög í kringum bústaði þar sem finnast hverskyns dýrabein. Í kumlum hér á landi hafa fundist beinagrindur úr hrossum og hundum, en ekki öðrum dýrum svo vitað sé með vissu. Í Skandinavíu eru hinsvegar dæmi um ýmis matvæli sem lögð voru hjá hinum heygða, þ. á m. kjöt á beini.
Thomas McGovern prófessor hefur skoðað dýrabeinin sem fundust í hólnum. Beinin eru úr kind (eða geit), svíni og ótilgreindum stórgrip, þ.e. hrossi eða nautgrip. McGovern segir Þingvallabeinin það sem vænta mætti úr íslenskum öskuhaug við hvern bæ hér á landi, en einkennilegt að þau finnist saman, talsvert fjarri bæjarstæðinu. Skýringin gæti legið í því að þetta hafi verið skrínukostur þingmanna í nærliggjandi búðum. Það sem mælir gegn þeirri ályktun er ástand og einkenni beinanna sjálfra: á þeim sér ekki vott um að kjötið hafi verið skorið af, og matarins neytt, þau hafa heldur ekki verið brotin til mergjar og ekki nöguð. Allt eru það algeng merki sem dýrabeinafræðingar sjá nær undantekningalaust á dýrabeinum úr kjöti til neyslu. Auk þess virðist sem hásin hafi ekki verið skorin frá hælbeini, en það er algengt að gert sé þegar kjöt er eldað. Sömu sögu er að segja um hnéskeljar. Þær hverfa gjarnan við matseld, en hafa fylgt leggjarbeinum í haugnum:

“On Þingvellir butchery, there is only a single heavy chop mark on the upper end of one pig femora (uppermost leg bone, right where it joins the pelvis). This looks like dismemberment (chopping a whole dead animal into portable/cook-able bits), and is of course found in all the normal midden garbage bones we normally look at, since you start by dismembering and end up by dumping food scraps from meals and anything the dog doesn't want- so heavy chop marks near handy dismemberment points (like upper femora)are pretty common.
However, there don't seem to be any of the other marks, like knife slices and marrow-splitting that tends to accumulate on bone when people cook and eat the cuts of meat.
Specifically, there are no indications that the "hock" (calcaneus, astragalus, distal tibia) was cut apart, which tends to happen when people cook a leg of sheep or pig- instead these bits are all intact and together.
Also kneecaps (patellae) tend to disappear pretty quickly when the leg is cut up for processing, but we have the pig limb with kneecap attached.
While of course it would be nice to have a few thousand bones to back all this speculation up, I think it is totally reasonable from a zooarchaeological standpoint to say that this bone assemblage is very atypical for midden debris, and that it seems to consist mainly of cuts of meat (NOT whole animals) which do not seem to have been fully processed following dismemberment (eg probably not eaten). Which does get one back to the offering question...”

McGovern telur m.ö.o. að leita þurfi annarra skýringa og veltir fyrir sér þeim möguleika hvort hér sé um fórn að ræða (sjá meðf. skýrslu).

Með fyrirvara um árangur frekari uppgraftar, skal nú leitast við að túlka þær vísbendingar sem fyrir liggja um fyrra hlutverk þessa mannvirkis.

Túlkun

Uppgröftur á mjög röskuðum mannvistarleifum í hólnum við Brennugjá var ögrandi viðfangsefni, en jafnast ekki á við vanda þess að túlka niðurstöðurnar: manngerður hóll sem geymt hefur silfurmuni og bein í tæpt árþúsund. Ein helsta aðferð fornleifafræðinnar, samanburðurinn, gagnast ekki nema að litlu leyti, því ekki er kunnugt um sambærilega minjastaði. Það er þ.a.l. aðeins ein raunhæf leið til skilnings á leifum hólsins við Brennugjá. Hún felst í því að draga langa nót: Skoða þarf minjarnar í samhengi við sögu og staðhætti á Þingvöllum, þ.e. búsetu, þinghald og dóma. Jafnframt þarf að spretta í sundur öllum sýnilegum einkennum fornleifanna, s.s. umbúnað, gripi, bein, og meta þá hvern fyrir sig í ljósi annarra fornleifafunda. Loks ber að láta reyna á ólíkar túlkunarleiðir.

Búsetuminjar

Við rannsóknir á ókunnum fornleifum er nærtækast að leggja fyrst mat á hvort þær varði búsetu og landbúnað, enda er það langstærsti minjaflokkurinn á þeim svæðum þar sem byggilegt er á landinu. Þingvalladældin er einn af þeim stöðum í byggð, sem hefur tekið stórkostlegum breytingum á sögulegum tíma og þær breytingar gætu byrgt okkur sýn á mikilvæga þætti úr byggðasögulegu samhengi staðarins. Hér verður gengið út frá þeirri forsendu að hóllinn varði sögu bæjarins Þingvalla fremur en annarra búsetustaða.

Hóllinn er um 300 m frá Þingvallabæ. Almennt gildir að flestar mannvistarleifar finnist á bæjarstæðum eða í túninu í kring, þ.e. bæjarhús og öskuhaugar auk útihúsa og hverskyns garðlaga. Hóllinn er frá 11. öld, en upphaf búsetu á Þingvöllum er óþekkt, og má vera að hún sé yngri en alþingishaldið, enda ber bærinn nafn af þinginu en ekki öfugt.

Ekkert í hólnum gefur til kynna að hann tilheyri búskap á bænum. Í hólnum hefur fundist aska, kol og dýrabein, þ.e. samskonar ummerki og finnast í öskuhaugum við bæi, en í svo litlu magni að slíkur samanburður er ekki til gagns.

Búðatóft

Algengustu minjar á Þingvöllum eru ferhyrndar, misstórar tóftir, sem líklega eru leifar þingbúða. Ekki væri óvenjulegt að finna forngripi, bein og ösku í eða við þingbúðir. Samkvæmt rituðum heimildum hófst þinghald um 930 og stóð með ýmsu móti fram eftir öldum. Er hóllinn því samtíða fundahaldi á staðnum.

Takmarkaðar rannsóknir hafa til þessa verið gerðar á mannvirkjum á þingstöðum, en hafa þó allar sýnt að þar finnast tóftir sem hafa tiltekna lögun, þ.e. eru nokkurn veginn ferhyrndar og aflangar, með veggjum úr torfi og eða grjóti. Þær eru mislangar, og standa stakar eða saman í þyrpingum. Líklegt er að þeim hafi verið haldið við, veggir hlaðnir upp á ný eða yngri tóftir byggðar ofan á þeim eldri. Allar þessar útgáfur er t.a.m. að finna í þinghelginni beggja vegna Öxarár.

Við uppgröftinn 2005-2006 fundust minniháttar torfleifar, og dreif af misstóru grjóti, en flestir steinarnir voru þó ekki nema um hnefastórir eða svo. Ekki fundust hleðsluleifar, ekk raðir af steinum, eða hleðslur sem mynda horn. Við minniháttar athugun á s.n. Njálsbúð handan árinnar fundust torfhleðsluleifar og stórt hleðslugrjót. Samanburðurinn skerpir tilfinninguna

fyrir hvers er að vænta við leit að þingbúð. Hóllinn hefur að vísu ekki verið rannsakaður að fullu, en til þessa hafa engar vísbendingar fundist um að þar séu búðaminjar.

Galdrabrennur

Eitt af sérkennum Þingvalla sem viðfangsefni fornleifafræðinnar er að þeir eru sögusvið þjóðar. Þar fór fram þinghald í öndverðu og á seinni öldum dómar og aftökur og ýmis stjórnsýsla, að ótöldu öllu því sem gerist á stærri mannamótum þar sem fólk kemur saman úr hinum ýmsu héruðum. Flestar þessar athafnir marka áberandi spor í þjóðarsöguna en skilja að sama skapi lítið eftir sig sem hönd er á festandi. Engar minjar þekkjast t.a.m. um aftökur á Höggstokkseyri, eða við Drekkingarhyl, en á hinn bóginn gæti aftaka þar sem fólk er brennt á báli gæti skilið eftir leifar á aftökustaðnum. Heimildamenn og staðkunnugir hafa og bent á brunaleifar.

Hóllinn stendur við gjá sem eitt af áhrifaríkustu örnefnunum á Þingvöllum, Brennugjá. Í og við hólinn hefur fundist aska og viðarkol. Matthías Þórðarson taldi brennuleifar mögulega hafa verið greftraðar í hólnum[28].

Það virðist óefað að meintu galdrafólki var hengt á 17. öld og nokkur dæmi um að það var brennt á báli, m.a. á Þingvöllum. Þannig er örnefnið „Brennugjá“ útskýrt á okkar dögum, þ.e. sem heiti á einum af aftökustöðum á Alþingi. Gæti nálægð hólsins við mynni gjárinnar skýrt að í honum hafa fundist aska, kol og bein?

Í handriti sínu, Kort Underretning om Althinget, segir séra Jóhann Pálsson (1795-1840) að við Brennugjá finnist „der endnu Asken af Benene i Jorden“[29]. Eru þessi orð rituð fyrri hluta 19. aldar og skömmu áður en Sigurður Guðmundsson málari rannsakaði alþingisstaðinn um 1860. Einar Einarsen prófastur í Stafholti var prestur á Þingvöllum 1822-1828. Í bréfi til Sigurðar (22. sept 1863) segir Einar að galdramenn hafi verið brenndir „á hellunni við mynni gjárinnar“. Hann segir að beinasmælki og brunnin bein sjáist „oft“ í mynni Brennugjár[30].

Sigurður nefnir í bók sinni um staðinn að brennur hafi farið fram í mynni Brennugjár og nefnir því til stuðnings að þar hafi menn fundið „mannabein og ösku“. Hann fór sjálfur og gróf þar, en greip í tómt þrátt fyrir góðan ásetning og fræðilega nálgun. Hann einfaldlega fann ekki nein slík ummerki[31]. Í minnisbók sinni hefur hann punktað hjá sér að „enskir“ hafi fundið mannsbein í Brennugjá, en síðan strikað yfir það. Hann nefnir þar að hann hafi ekki fundið kol eða ösku, en að þar hafi verið „svört mold og þess kins mold fann eg víðar þar í grend“[32]. Hefur Sigurður staðið nánast á hólnum við gjána þegar þetta var skrifað.

---

[28] Matthías Þórðarson, op.cit. 1945, s.113-114.

[29] JS 497 4to.

[30] Matthías Þórðarson. (1921-22 (1922)). Fornleifar á Þingvelli. *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags*, s. 102.

[31] Sigurður Guðmundsson. (1878). *Alþingisstaður hinn forni við Öxará. Þingvöllur við Öxará, eður lýsíng þess svæðis, er þínghelgi Alþíngis Íslendínga hins forna náði yfir*. Hið íslenzka bókmenntafélag, s. 56. Sjá einnig s. 44.

[32] Minnisbók Sigðurðar Guðmundssonar, Þjms.



Mynd 23. Úr dagbók Sigurðar málara

Matthías Þórðarson sem einna gerst hefur rannsakað Þingvelli, bæði staðhætti, lýsingar og ritaðar heimildir, komst að afgerandi niðurstöðu um þessi efni: „Mun engin ástæða til að efast um það, að allar galdrabrennurnar á Alþingi hafi farið fram í mynni Brennugjár.“[33]

Eitthvað hefur staðfræði brennumála á Alþingi skolast til, því í eldri heimildum er Brennugjá einfaldlega ekki hluti af leikmyndinni. Í lok 18. aldar segir Sveinn Pálsson læknir að galdramenn hafi verið brenndir í gjá á Þingvöllum, og að í sprungu í botni hennar sem komið hafi í síðustu landsskjálftum (1789) sjáist aska. Ekki nefnir hann hvaða gjá. Matthías Þórðarson hefur bent á að staðarvísun Sveins stemmir ekki við Brennugjá[34]. Sveinn gekk í döggvarslóð Eggerts Ólafssonar sem hafði einnig skrifað lýsingu á Þingvöllum og nefnir í þeim skrifum gjá og galdra. Hann á líka við aðra gjá og stærri, sem er og helsta einkenni staðarins. Segir Eggert að galdrafólkinu hafi verið hrundið fram af háum kletti í Almannagjá[35]. Er lýsing Eggerts 100 árum eldri en bréf hins staðkunnuga prófasts og gagnmerka heimildamanns, þessa sem vissi um bein og ösku í Brennugjá en Sigurður málari fann ekki þrátt fyrir allt. Lýsing Eggerts er skrifuð tæpum 100 árum eftir brennufár.

Það er athyglisvert að áhöld eru um hvar brennurnar á Þingvöllum fóru fram. Hér verður þó ekki reynt að leysa úr þeirri flækju, en vel má vera að brennur hafi farið fram á fleiri en einum stað og því rúm fyrir Brennugjá meðal annarra staða. Við skoðun á vettvangi virðist reyndar ekki einfalt að athafna sig við mannabrennur ofan í gjánni og hafi eitthvert verið vatn í henni fyrir jarðskjálftann 1789 hefur það verið vonlaust, enda nóg að fást við úrkomu og önnur vandræði, s.s. eldiviðaskort en að sögn læknisins Sveins Pálssonar þurfti 20 hrísheста í bálköstinn til að brenna fólk[36]. Ekki er útilokað að eitthvað sé hæft í örnefninu, sem og munnmælum um öskuleifar, en óvíst að þessi atriði varði brennumál. Þau gætu allt eins átt við um hólinn, þar sem er sannanlega aska og bein, en ef marka má samhengi við vel

[33] Sami höf., 1922, s. 213.
[34] Ferðabók Sveins Pálssonar, dagbók 17993, s. 131; sbr. Matthías Þórðarson, op.cit. 1945, s. 213, nmgr. 3.
[35] Eggert Ólafsson, & Bjarni Pálsson. (1772). *Vice-Lavmand Eggert Olafsens og Land-Physici Biarne Poulsens Reise igiennem Island*, s. 1031.
[36] Op.cit. s.131.

aldurssetjanlega fornleifafundi í honum eru þessi ummerki alls ekki frá brennuöld, heldur hálfu árþúsundi fyrr eða svo. Hafa fræðimenn snúið öllu þessu á hvolf? Ber að rekja uppruna ösku og beina til hólsins en ekki öfugt? Eins mætti geta sér til um, í anda náttúrunafnakenningar Þórhalls Vilmundarsonar, að nafn gjárinnar hafi ekkert með brennur að gera, heldur hrjóstrugt umhverfið, og falli því í flokk með algengum örnefnum á gróðursnauðum svæðum, á borð við Brennu, sbr t.d. Brennugil, Brennugljúfur eða Brennubrún.

Kuml

Leifar greftrunarstaða eru ekki sjaldgæfir fornleifafundir. Eðli sínu samkvæmt valda mannabeinafundir því gjarnan að fólk hikar við að spilla helgi staðarins, eða mögulegum rannsóknarvettvangi lögreglu, og oftar en ekki berast tilkynningar um mannabein öðrum minjafundum fremur. Hólnum við Brennugjá hefur verið raskað, frásagnir eru um mannabeina- og forngripafundi beggja vegna við hann, þ.e. í eða við Brennugjá og í eða nærri Þorleifshólma. Hvað um hólinn sjálfan? Hér er komið að lokaspurningunni: var hóllinn greftrunarstaður? Ekki hlaut hann náð fyrir augum helsta kumlafræðings þjóðarinnar, Kristjáns Eldjárn, sem lét nægja að geta staðarins með smáu letri og setja í hóp vafagemlinga, en tók ekki upp í kumlatali. Voru þar reyndar í fleti fyrir nokkrir vafasamir staðir, á borð við hauga Skallagríms í Borgarnesi og Hrafnkels Freysgoða hjá Aðalbóli. Það getur verið vandasamt að kveða upp hvort tiltekinn stað eða fund skuli telja til kumla eða ekki. Rannsóknin 2005-2006 leiddi ekki í ljós skýr merki um greftrun frá heiðni, en ekki verður hjá þeim möguleika gengið þegjandi. Hér eru nokkrir þættir valdir til frekari umfjöllunar, þ.e. staðsetning, tímasetning og umbúnaður.

Staðsetningin

Fyrri rannsóknir á staðsetningu hólsins eru takmarkaðar að tvennu leyti. Annars vegar snerust þær alfarið um samhengi staðarins við þingið og hinsvegar um túlkun á óljósum frásögnum í fornsögum, einkum um staðsetningu annarra mannvirkja eða staða á borð við Lögréttu og Lögberg og mannaferðir til og frá búðum á þinginu. Staðsetning og umgjörð hólsins við Brennugjá er vissulega eftirtektarverð. Getur staðarvalið sjálft vitaskuld verið mikilvæg vísbending, ef það hafði merkingu í hugum haugerðarmanna. Ef hólnum var ætlað að hafa táknræna merkingu, er líklegra en ekki að honum hafi verið valinn viðeigandi staður. Á Íslandi hafa minnisvarðar frá fornöld ekki fundist aðrir en þeir haugar sem reistir voru yfir grafir í heiðni. Þessháttar haugum var valinn staður af kostgæfni, þ.e. við leiðir, á landamerkjum, við vöð og lendingarstaði o.fl. þessháttar.

Þegar svipast er um á hraunbungunni þar sem manngerði hóllinn stendur þá er ekki laust við að maður fyllist lotningu yfir einurð og dugnaði þeirra sem reistu hann í öndverðu. Allt í kring er jarðvegur mjög grunnur og ekkert lauslegt grjót í sjónmáli sem gæti hentað til upphleðslu. Hafi jarðvegur verið jafn þunnur og nú er og gróðurþekjan lítil, með rofabörðum og moldarflagi víða, þá hefði verið hentugra að reisa mannvirkið á öðrum stað, s.s nær ánni, á völlunum eða suður hjá bæ eða við tún. Er freistandi að ætla að staðsetningin sé ekki tilviljun, heldur helgist hún af tilgangi hauggerðarinnar.

Upplýsingar um ástand jarðvegs og gróðurþekju á 11. öld eru reyndar ekki fyrir hendi. Má vera að jarðvegsrof hafi gnagað staðinn um aldir. Hér er vert að minna á einkennilegt

smáatriði sem Matthías tók eftir 1920. Undir hólnum fann hann þykkt og gróft öskulag sem hvergi sér spor um nú í nágrenninu. Af þessu litla atriði má draga nokkrar ályktanir: væntanlega er gjóskan forsöguleg, þar sem hún liggur undir 11. aldar mannvirki og lýsingin fellur ekki að þekktum gjóskulögum frá c. 8050-1100; hún er úr eldstöð sem er nærri Þingvöllum enda lagið þykkt og jarðefnið gróft; gjóskan varðveittist undir mannvirkinu, en hvarf í rofi allt í kring. Ef þetta er rétt, má vera að hauggerðarmenn hafi haft úr meiru að moða á sinni tíð. Hvað sem því líður, hefur hið táknræna ekki minna gildi en hagsýni og verklag.
Hóllinn er því sem næst á bakka Öxarár, en kunnugt er að áin hefur breytt farvegi sínum alloft og jafnvel legið undir ámæli fyrir að hafa eyðilagt fornan haug Jarlaskálds. Lýsingar um þann haug eru misvísandi, þar sem hann mun ýmist verið austan ár, þ.e. sömu megin og hóllinn, eða á hólma út í á. Algengt er að kuml á Íslandi standi við vatnsföll, ýmist ár eða stöðuvötn. Eru árnar þá gjarnan einnig landamerki, sem er algeng forsenda staðarvals. Þó eru dæmin fleiri þar sem kuml standa ekki á árbakka, hvort heldur áin marki landareign eða ekki, enda er það einn tiltekinn menningarsögulegur þáttur öðrum fremur sem hefur áhrif, þ.e.a.s. leiðir. Langflest kuml fannst við gamlar leiðir. Konungsvegurinn og hóllinn falla vel að langri hefð hér á landi: Við vegabætur á gömlum leiðum sækja vegagerðarmenn sér undirstöðuefni í næstu hóla og hryggi. Er það sú starfssétt sem fann flest kuml á 20. öld. Því miður hafa gamlar götur á Þingvöllum verið afmáðar að miklu leyti[37], en ein leiðin lá á þröngu bili sem er á milli Brennugjár og árinnar, og þar stendur hóllinn.
Afstaða milli bústaðar og kumls á Íslandi hefur verið rannsökuð og hin almenna regla er sú að kuml finnast yfirleitt á svæðum sem eru um 100 til 2900 m frá bæ. Tilfellin þar sem fjarlægðin er yfir 1000 m eru fá og flest vafasöm. Ef öll tilfelli eru talin þá verður meðalfjarlægð 500 metrar. Tíðasta gildið er á bilinu 300-350 metrar. Fjarlægð milli Þingvallabæjar og hólsins eru 325 metrar. Staðsetning hólsins hefur m.ö.o. sömu einkenni og kumlin, við veg og stutt frá bænum.

Tímasetningin

Vísbendingar um aldur benda eindregið til öndverðrar 11. aldar. Að vísu er hóllinn svo raskaður að ekki er hægt að útiloka að hann hafi upphaflega verið reistur í heiðnum sið, en gegnt hlutverki sínu lengur, enda hefur hann væntanlega verið áberandi kennileiti á miðöldum. Þannig er um grjótdysjar víða um land, sem haldið er við þegar ferðalangar bæta þar í steinvölu til gamans, eða jafnvel til að forðast óhapp. Hóllinn gæti einfaldlega hafa skipt um hlutverk, rétt eins og Nikulásargjá verður að peningagjá og Silfra að stað fyrir afþreyingu kafara. Á 11. öld gæti greftrun hafa verið á ýmsa vegu, jafnvel meðal kristinna manna. Aldur hólsins, eða öllu heldur fundinna gripa í honum, kemur ekki í veg fyrir að hann hafi verið reistur samkvæmt heiðnum sið, en eftir meint siðskipti um árið 1000. Hefði það aldeilis verið táknræn aðgerð, að storka fylgjendum nýs siðar, á sjálfum Þingvöllum. Jafnvel ýkja sem mest hinn víkjandi sið, með líkbrennslu og dýru haugfé.

[37] Matthías Þórðarson (1943) “Lögrétta og Lögberg”, *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1941-42*, pp. 40-68: „Síðar ljet alþingishátíðarnefnd sljetta vellina, bæði hina neðri, sem lagaðir höfðu verið 1920—21, og hina efri, sem jeg mótmælti skriflega, að yrðu sljettaðir, vegna þess, að þar voru fjöldamargar gamlar götur, sennilega ævagamlar sumar, og vallgrónar, frá tíð alþingishaldsins.“ s. 61.

Umbúnaðurinn

Beinin

Við fyrstu sýn er örðugt að túlka mannvirki sem greftrunarstað ef enginn spor eru um manninn sem allt umstangið snerist um. Enginn mannabein hafa fundist í hólnum. Það útilokar þó ekki að þau finnist verði rannsókn á honum lokið með heildargrefti, eða að mannabein leynist meðal þeirra beinaleifa sem hafa fundist en ekki verið unnt að greina til tegundar. Oft finnast kuml sem hefur verið raskað og einungis hluti mannsbeinagrindar fundist. Kumlfundurinn á Austarihóli í Fljótum er líklega einsdæmi, en þar fannst vel varveitt kuml, og þar í kumlhestur, haugfé og mannsgröf, en ekki tangur né tetur af manninum. Er líklegt að líkið hafi verið fjarlægt meðan beinin loddu enn saman[38]. Það er rétt að halda til haga að þekktir eru hér á landi a.m.k. 20 staðir, misvel varðveittir, sem hafa verið taldir möguleg kuml, en engin mannabein fundist[39]. Staðfest hefur verið að hólnum við Brennugjá hefur verið raskað áður en rannsókn var gerð 1920 eða vegur lagður 1907, en við vitum ekki hvenær eða hversvegna. Nýlegar kumlarannsóknir sýna að rjálað hefur verið við mikinn meirihluta fundinna kumla svo að við liggur að helsta einkenni þeirra er sjálft raskið: hóll með einkennilega holu í toppinn. Líklegt er að það hafi gerst á öllum tímum og af ólíku tilefni, en í þeim tilfellum sem hægt er að geta nærri um tímasetningu, hefur raskið reynst hafa átt sér stað á miðöldum og jafnvel strax í heiðni. Má vera að í einhverjum tilfellum hafi hinn látni verið fjarlægður og fluttur í annan grafreit, t.a.m. kristinn reit og getur sú skýring átt við um hólinn við Brennugjá.

Forngripirnir

Algengustu kumlfundir á Íslandi eru hinu hversdagslegu áhöld, brýni og hnífar. Dýrabein, önnur en hundar og hross finnast á hinn bóginn ekki. Í hólnum var þessu öfugt farið, þar finnast bein úr sauðfé eða geit og svíni. Stórgripabeinið gæti verið úr hrossi eða nautgrip. Og gripirnir eru alls ekki hversdagslegir og verðlitlir, heldur úr silfri. Okkur er kunnugt um einungis eitt tilfelli kumls þar sem gull hefur fundist, þ.e. skrauthnappur (og þráður) sem fannst á Kápu í Þórsmörk. Bronsmunir eru algengir, enda flest skart á ofanverðri járnöld gert úr þeirri málmblöndu. Af málmum er járn algengast. Um 18 silfurgripir hafa fundist, oftast stakir í kumli. Þrír silfurhnappar fundust á Kápu. Aðrir gripir úr silfri eru fingurbaugar, Þórshamar og kringlótt næla, en peningar eru algengastir. Af þeim sjö peningum sem fundist hafa eru þrír sem hafa þekkta sláttu og eru þeir allir frá 10. öld.
Í hólnum fundust einnig viðarkol. Það virðist ekki hafa verið algengt í íslenskum kumlum, en engu að síður eru þau þekkt einkenni og hafa fundist í 10 gröfum víða um landið.

Íslenskir haugar

Í íslenskri náttúru eru margir hólar. Þeir fáu manngerðu hólar frá fornöld sem þekktir eru, hafa allir reynst vera haugar yfir heiðinni gröf, enda tilefni rannsóknar jafnan ekki fræðilegur áhugi

[38] Kristján Eldjárn. (1965 (1966)). Kuml úr heiðnum sið, fundin á síðustu árum. *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags*, s. 5-68.
[39] Sjá Adolf Fridriksson, 2013, *La place du mort*, Sorbonne, París, s. 129ff.

á hólum, heldur óvæntur mannabeinafundur eftir haugrof. Talið hefur verið að haugar á Íslandi hafi verið svo litlir að réttara væri að kalla þá haugnefnur[40], enda varla sjónarmunur á þeim eða meðalstórum púfum. Þessi skoðun byggist á þeirri afstöðu að manngerðir hólar standi óbreyttir í árþúsund. Það er þó lykilatriði að taka með í reikninginn að manngerðir haugar á Íslandi hafa veðrast mjög mikið, í landi þar sem ekki einasta er sorfið af tilbúnum hólum með lausum jarðvegi, heldur hefur sem kunnugt er einnig fokið mun þéttari jarðvegur á óhreyfðu sléttlendi og jafnvel blásið ofan í harða jökulurð. Kenningin um haugnefnur er af sama meiði og sú skoðun að íslenskur greftrunarsiður hafi verið fábreyttur og fátæklegur. Enn og aftur þarf að taka með í reikninginn að flestar þekktar grafir hér á landi eru leifar stórkostlega raskaðra minja, sem að auki voru lítt eða ekki rannsakaðar. Þessi tvö atriði spila saman: uppblástur eða landbrot fletta ofan af fornum haugum, sem aftur verða fyrir barðinu á forvitnum grafarræningjum. Nýlegir kumlfundir bera þess vitni að greftrunarsiður hér hafi verið fjölbreyttur og umbúnaður jafnvel álíka vandaður og annarsstaðar á norðurslóð á ofanverðri járnöld.

Grafir

Á Íslandi eru kuml nær alltaf samsetning af gröf og haugi. Ekki eru þekkt dæmi um að ekki hafi verið tekin a.m.k. grunn gröf, eftir því sem aðstæður leyfðu, ef frá er talinn einn kumlhestur undir dysjargrjóti á Dalvík. Ekki hafa fundist grafir í hólnum við Brennugjá, en athyglisvert er að Matthías fann tvær „skorur“ sem voru grjótlausar. Á skematískri skissu hans eru þær sýndar hafa samskonar form, einskonar hvasshyrndir, jafnarma þríhyrningar og vísar hvassasta horni á öðrum til suðurs, en til norðurs á hinum. Liggja þessar skorur hlið við hlið. Ef hlutföllin í skissu hans eru nokkurnveginn rétt, þá er niðurgröftur á hvorum stað u.þ.b. 2 m á lengd og allt að 50-60 sm þar sem þær eru breiðastar.



Mynd 24. Hluti af skissu Matthíasar frá 1920, hægri hlið vísar til norðurs.

Matthías gerði ekki tilraun til að túlka þessa skurði eða skorur. Má vera að þær hafi verið eftir fyrri tíðar rask, þar sem grafnir hafi verið skurðir hvoru megin hóls, niður og að miðju. Hinsvegar verður ekki hjá því komist að gera ráð fyrir þeim möguleika að þær hafi verið hluti af hinni upprunalegu umgjörð. Þar er og komin möguleg skýring á mannabeinaleysinu: skorurnar tvær hafa sömu lögun mannsgrafir, þar sem breiðari endinn er um herðarnar en hinn þrengri niður við fætur. Hafa grafirnar þá snúið sitt á hvað, önnur með höfuð í suður, en hin í norður. Það er óvenjulegt fyrirkomuleg en ekki óþekkt, eins og sjá má af kumlunum á Tyrðilmýri.

[40] Kristján Eldjárn (2016) Op. cit.

Efniviðurinn

Upplýsingar okkar um umbúnaðinn virðast fremur fátæklegar, enda staðurinn raskaður og ekki að fullu rannsakaður. Það er þó enn eitt atriði sem er vert að taka til umfjöllunar, en það allt grjótið sem fannst í hólnum, sem og það sem var í honum en fjarlægt og notað sem undirstaða fyrir Konungsveg. Af lýsingum Matthíasar að dæma var sá hluti sem hann gróf í þakinn breiðu af misstóru hraungrýti. Taldi hann breiðuna hafa verið um 5,5 x 4 m. Hafi skorurnar verið eftir e.k. grafarrán eða beinaflutning, þá má segja að breiðan hafi verið samfelld. Ef haft er í huga allt það grjót sem blasir við á uppgraftarmyndinni frá 1920, þar sem Konungsvegur er í bakgrunni, er ljóst að grjótbreiðan hefur verið enn breiðari.

Grjót er mjög algengt í umbúnaði íslenskra kumla og reyndar svo algengt að því er sjaldan lýst í frásögnum af kumlfundum. Grjótlaus kuml eru nær eingöngu þekkt á þeim stöðum þar sem ekkert grjót er að fá á stórum svæðum, svo sem víða í Flóanum. Hlutföll milli grjótkumla og hinna er um 4:1. Engin áberandi, þekkt regla er um hvernig grjót var notað en ljóst að tilhneigingar gætir til að nota það sem efnivið í haugagerð eða aðra umgjörð um grafir. Ef vel er að gáð og allar lýsingar dregnar saman þá birtast nokkur einkenni sem geta ekki talist vera staðbundin sérviska, heldur siður sem þekktur var í öllum landshlutum.

Grjótinu er ýmist lýst sem flötum hellum, eða lábörðu hnullungagrjóti, stórum eða litlum (hnefastórum) steinum. Hellur, stórar eða smáar, hafa stundum verið lagðar ofan á gröf. Grjót hefur einnig verið notað í grafarhliðar eða gafla, eða raðað utan með grafarbrúnum og jafnvel aðra utan um hauginn. Hafa ýmis orð verið notuð til að lýsa hinum ýmsu gerðum, s.s. steinumgjörð, steinsetning, grafarþró, steinaraðir, steinkista, en því miður er það svo að grjótið hefur notið minni athygli en gröfin, beinin og gripirnir. Kumlfinnandinn hefur jafnvel þegar fjarlægt grjótið án sérstakrar eftirtektar og áður en ljóst er að þar undir leynist forn gröf. Forvitnilegt hefði verið að vita nánar um steinumbúnað á stöðum þar sem sagt er að hafi verið „allmikið“ eða „mikið“ grjót. Þótt lýsingar séu knappar má sjá að algengasta, almenna heitið sem notað er um grjótið er einfaldlega „grjótlag“. Allnokkur dæmi eru um þokkalegar lýsingar sem sýna að yfir kumlum hafi verið samanhangandi grjótlag, breiða af grjóti, ýmist þétt, gisin eða strjál, óregluleg eða aflöng[41] og jafnvel þríhyrnd[42]. Þær breiður sem mældar voru hafa verið allt að 5 m breiðar á annan veginn en 3 m á hinn[43]. Umbúnaður í hólnum við Brennugjá fellur ljóslega að þessum lýsingum frá öðrum stöðum að öllu leyti nema þá helst stærðinni, því grjótbreiðan þar var a.m.k. um 20 fermetrar, en líklega enn umfangsmeiri.

[41] Sbr. t.d. Garðsá, Kristján Eldjárn (2016) op.cit., kt. 102
[42] Sbr. Draflastaðir, Kristján Eldjárn (2016) op.cit., Kt. 109.
[43] Sbr. Miklibær: 4,7m x 2,8m, Kristján Eldjárn (2016) op.cit., kt. 75.

Niðurlag

Þrátt fyrir a.m.k. tvær atlögur, varðveitir hóllinn við mynni Brennugjár enn vandlega leyndardóm sinn. Ljóst er að hann er manngerður, og að honum hefur verið raskað. Hóllinn er úr lausum jarðvegi, torfi og grjóti. Hann er a.m.k. frá ofanverðri 11. öld, en gæti verið eldri, hafi áðurnefnt rask t.a.m. falið í sér að geyma þar silfursjóð, fremur en að silfrið hafi verið lagt þar sem haugfé. Hóllinn stendur á dæmigerðum stað fyrir kuml. Ekki verður nær komist að upprunanum að sinni en frekari rannsókn gæti laðað fram fleiri vísbendingar.

Öll þau kynstur upplýsinga um helsta sögustað landsins hafa ekki dugað til að varpa ljósi á þennan látlausa hól. Fræðahefðin um hauga á Þingvelli ber einkenni alþýðuskýringa: Brennur hljóta að hafa verið við Brennugjá, þar hljóta að vera bein og aska, og „enskir“ finna þessi bein, sem annars hafa ekki fundist. Brennustæði og aðrar staðsetningar fara á flakk um aldir og sogast með líkt og í hvirfilvindi, ásamt lögréttu og lögbergi, dómhringum, búðum og haugum og öðrum vandræðabörnum sögustaðarins. Heimildir eru misvísandi, en gefa samt til kynna að einn eða fleiri haugar hafi verið á svæðinu milli Brennugjár og Öxarár, við veginn, um 300 norðan við Þingvallabæ. Á s.l. árþúsundi hefur orðið margvíslegt rask á staðnum bæði af völdum náttúru og manna. Hafi forn mannvirki staðið á völlunum skammt austan Öxarár má ætla að mörg þeirra séu nú horfin í rofi. Einnig er rof í bökkum vestanmegin, og mannvistarleifar enn í hættu. Sumar þessara minja tilheyra eflaust Þingvallabæ og búskap þar, en aðrar munu vera þingminjar. Sú mynd sem almenningur hefur af staðnum byggir vitaskuld á því sem nú sést á yfirborði, en eflaust er heildarmyndin flóknari og einfaldlega stærri, ef svo má að orði komast. Vegna flekahreyfinga hefur landssig, jarðskjálftar og vatnsagi breytt staðnum töluvert og mótað á ný, og því vandasamt að bera eldri lýsingar saman. Höfundar eldri lýsinga greina frá því sem þeir sáu og þekktu á sinni tíð, en taka þarf allar þessar breytingar með í reikninginn, enda týnast minjar, hólmar koma og fara, og örnefni og sögur fara á flakk.

Það er niðurstaða rannsóknanna að hóllinn hljóti að hafa verið kuml. Ef sú kenning er rétt, þá kallar hún á nýjar spurningar. Kuml eru sjaldnast stök, þau eru hluti af stærri grafreit. Ef við svipumst um og lítum skamman veg til vesturs þá blasir við Þorleifshólmi. Mjög gamlar frásagnir af haug á Þingvöllum, kenndan við Þorleif, er óþarft að afskrifa, hvað sem sannfræði heimildanna líður. Við þær bætast fréttir öldum síðar af náttúruhamförum og um haug að hverfa í vatnsrofi sem og haugfjárfundi. Ef litið er til austurs blasa við gjár og hraunrimar. Stutt er yfir til Spangarinar, en þar er mannvirki sem hefur verið grafið í en ójóst er til hvers var reist, rétt eins og hóllinn við Brennugjár. Hér er lagt til að hóllinn hafi ekki einansta verið kuml heldur og staðið á kumlateig. Líkt og margir aðrir grafreitir, eyðist hann með tíð og tíma. Varla er hægt að ímynda sér stórkostlegri eyðingu á kumlateig en þennan tilgátuteig á Þingvöllum, sem hefur splundrast vegna jarðskjálfta, landsigs, rofs og rasks; fundin bein og gripir verða efniviður í sögur og örnefni, sem geta af sér nýjar sögur og heiti í anda breyttra tíma. Landið er dulrúnum rist, en tilraun til ráðningar er leiðin til skilnings.

Gripaskrá

Nr. *05-2-05*, festing úr bronsblöndu, aflöng, skreytt, mögulega til að festa á leður. Fundin í yfirborðslagi [467]. L: 2,7 cm, br. 0,8-1,1 cm, þykkt: 0,3 cm.

Nr. *05-2-06*, lítið járnbrot úr óþekktum hlut, ryðbrunnið og óreglulegt í lögun. Fundið í yfirborðslagi [467].

Nr. *05-2-07*, gangsilfur frá ofanverðri járnöld, fundið í neðsta lagi við lok rannsóknar [485]. Flatur bútur úr silfri, mögulega stýfður úr armbaugi, skreytt með hringamunstri og þríhyrningum meðfram báðum brúnum. L. 1,7 cm, br. 1,1 cm, þykkt: 0,3 cm, þyngd: 2,7 g. Svipar til lausafundar úr Skagafirði, þjms. 10891[44].

Nr. *06-30-52*, mynt, úr silfri, talsvert eydd og brúnir lítillega skemmdar. Á yfirborði vottar fyrir spanskgrænu. Norskur, anonym,1065-1080. Fundin í lagi [708]. L.: 1,5 cm, br.: 1 cm, þykkt: 0,1 cm, þyngd: 0,23 gr.

Nr. *06-30-53*, brot úr mynt, úr silfri. Norskur, anonym,1065-1080. Fundin í lagi [708]. L.: 1,7 cm, br.: 1 cm, þykkt: 0,1 cm, þyngd: 0,17 gr.

Nr. *06-30-55*, brot úr flötum silfurhlut, líklega mynt en öll merki um sláttu horfin. Fundin í lagi [708]. L.: 1,5 cm, br.: 1 cm, þykkt: 0,1 cm, þyngd: 0,1 gr.

Nr. *06-30-60*, skraut, líklega beit af reiðtygjum, með hálfkúlulaga höfuð úr blönduðum kopar en (brotinn) legg úr járni. Fundin í lagi [714]. L.: 1,3 cm, br. höfuðs: 1 cm, þykkt: leggjar um 0,35 cm, þyngd: 1,17 gr.

Nr. *05-2-05, 01, 03 og 08* eru dýrabein, sjá meðf. skýrslu.

Gripir voru hreinsaðir, þurrkaðir, þeim umpakkað og sendir í forvörslumeðferð á Þjóðminjasafni.

[44] Kristján Eldjárn. *Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi*, 391.

Thomas H. McGovern: A Small Archaeofauna from Context 714, Þingvellir Iceland

NORSEC
CUNY Doctoral Program in Anthropology
Hunter College Bioarchaeology Laboratory

Abstract

In 2006 a small collection of animal bones (archaeofauna) was recovered from a pit fill from the farm and church site near the famous assembly site of Thingvellir in southern Iceland. The bone collection was from a pit (eining 714) and was associated with pieces of hack-silver and three (?)silver coins of 11th century date. The analysis of the bone remains indicates that these were animal (not human) remains, and that sheep, pig, and a larger animal (probably cattle) were represented. The sheep and pig bones came exclusively from meat rich portions of the skeleton (shoulder and haunch) while the probable cattle bones appear to represent a segment of ribs and attached thoracic vertebrae. While the collection is small (88 bone fragments total) this pattern is suggestive of some sort of specialized deposit, especially seen in conjunction with the hack silver and coins.

Species Present

The bones in eining [714] were in fair condition, although compressed tightly into a lump that needed to be carefully disaggregated. The lump proved to contain bone elements that could be identified securely as pig and as sheep (at lest two individuals). As usual, some bone fragments were assigned to the "caprine" category, which could be from either sheep or goat. Other bone fragments (very small pieces and rib and vertebral fragments) were assigned to the "Large Terrestrial Mammal" (Horse or Cattle sized) or "Medium Terrestrial Mammal" (pig, sheep, goat, large dog sized). In this case, the ribs and vertebrae are almost certainly cattle rather than horse.

Table 1	Eining [714]	Count
Sus scrofa	Pig	6
Ovis aries	Sheep	5
Caprine sp.	Sheep or goat	11
	total NISP	22
Large Terrestrial Mammal		11
Medium Terrestrial Mammal		17
Unidentified bone fragment		38
	total TNF	88

Skeletal Elements Present

Table 2 presents the distribution of skeletal elements present in the eining [714] archaeofauna. Note the absence of cranial or foot bones, and the presence of meat bearing bones and the small dense “riders” in the lower limb which tend to travel with the meatier elements (Binford 1978). This element distribution profile provides a contrast to normal midden material, which contain remnants of all stages of butchery, cooking, meat consumption and bone discard and which contain more low-meat value bone elements.

Table 2
Skeletal Element Distribution

Species	Bone	Count
Pig	astragalus	1
Pig	naviculocuboid	1
Pig	Femoral shaft	1
Pig	Patella	1
Pig	Scapula	2
Sheep	astragalus	2
Sheep	calcaneus	1
Sheep	humerus	1
caprine	naviculocuboid	2
caprine	femora	2
caprine	humerus	1
caprine	metatarsus	1
caprine	radius	1
caprine	tibia	5
Large Terr. Mam.	long bone frag	6
Large Terr. Mam.	rib	4
Large Terr. Mam.	thoracic vertebra	1
Medium Terr. Mam.	long bone frag	15
Medium Terr. Mam.	rib	2



Figure 1 presents a generalized pig skeleton with the bones present in the [714] archaeofauna indicated by shading.

Figure 2 presents a generalized sheep skeleton with the bones present in the [174] archaeofauna indicated by shading.



Discussion

While the archaeofauna from eining 714 is small, it appears to represent a deposit mainly made up of meat-bearing elements of the fore and hind limb and some rib segments. Given the small sample size, no conclusions should be drawn about relative species abundance, but It is worth noting that the presence of pig bone is very suggestive of a pre-1100 AD date of deposition, as pigs become increasingly rare in Icelandic archaeofauna after the 12th century (McGovern, Perdikaris et al 2001, Vésteinsson et al 2002). If these bones were recovered in isolation, a hypothesis of specialized provisioning might be proposed. In their current

association with Thingvellir and the silver objects we may wonder if these bones were originally part of a dedicatory offering or similar specialized ritual deposit?

References:

Binford L. R.
1978; *Nunamiut Ethnoarchaeology*. Academic Press, New York,

T.H. McGovern, Sophia Perdikaris, Clayton Tinsley
2001 Economy of Landnam: the Evidence of Zooarchaeology, in U. Bragason et al. (ed*)* *Westward to Vinland* , Nordahl Inst. Reykjavik. 154-165.

Orri Vesteinsson, Thomas H McGovern & Christian Keller:
2002 'Enduring Impacts: Social and Environmental Aspects of Viking Age Settlement in Iceland and Greenland *Archaeologica Islandica 2* 98-136

Myndaskrá

Mynd nr	Efni	Dags	Sk.st.
SK1_14	Vinnumynd, PM að teikna	9.6.2005	JST
SK1_15	Vinnumynd, PM að teikna	9.6.2005	JST
SK1_16	Vinnumynd, PM að teikna	9.6.2005	JST
SK1_17	Vinnumynd, PM að teikna	9.6.2005	JST
SK1_18	Haugur fyrir uppgr., úr SA	9.6.2005	PM
SK1_19	Haugur fyrir uppgr., úr V	9.6.2005	PM
SK1_20	SV hlið sniðs SK1	9.6.2005	PM
SK1_21	SV hlið sniðs SK1	9.6.2005	PM
SK1_22	NA hlið sniðs SK1	9.6.2005	PM
SK1_23	NA hlið sniðs SK1	9.6.2005	PM
SK1_24	NV hlið sniðs SK1, 1. hluti	9.6.2005	PM
SK1_25	NV hlið sniðs SK1, 2. Hluti	9.6.2005	PM
SK1_26	NV hlið sniðs SK1, 3. Hluti	9.6.2005	PM
SK1_27	SA hlið sniðs SK1, 1. Hluti	9.6.2005	PM
SK1_28	SA hlið sniðs SK1, 2. Hluti	9.6.2005	PM
SK1_29	SA hlið sniðs SK1, 3. Hluti	9.6.2005	PM
SK1_30	SA hlið sniðs SK1, 4. Hluti	9.6.2005	PM
SK2_13	SK2, Eining 467, í NV	24.8.2006	ÓGS
SK2_14	SK2, Eining 467, í V	24.8.2006	ÓGS
SK2_19	SK2, Eining 467, í SV	24.8.2006	ÓGS
SK2_37	SK2, Eining 467, í V	24.8.2006	OGS/FS
SK2_38	SK2, vinnum., í NV	24.8.2006	OGS/FS
SK2_39	SK2, Eining 467, í A	24.8.2006	OGS/FS
SK2_40	SK2, vinnumynd, í S	24.8.2006	OGS/FS
SK2_41	SK2, Eining 467, í NV	24.8.2006	OGS/FS
SK2_42	SK1-2, Eining 467, í SV	24.8.2006	OGS/FS
SK2_43	SK2, Eining 468, í V	25.8.2006	OGS/FS
SK2_44	SK2, Eining 468, í V	25.8.2006	OGS/FS
SK2_45	SK2, Eining 468, í NV	25.8.2006	OGS/FS
SK2_46	SK2, lok rannsóknar, í SV	26.8.2006	OGS/FS
SK2_47	SK2, Lok rannsóknar, í S	26.8.2006	OGS/FS
SK2_48	SK2, Lok rannsóknar, í S	26.8.2006	OGS/FS
SK2_49	SK2, Lok rannsóknar, í SV	26.8.2006	OGS/FS
SK2_50	SK2, Lok rannsóknar, í SV	26.8.2006	OGS/FS
SK2_51	SK2, Lok rannsóknar, í SV	26.8.2006	OGS/FS
SK2_52	SK2, Lok rannsóknar, í SV	26.8.2006	OGS/FS
SK2_53	SK2, Lok rannsóknar, í NV	26.8.2006	OGS/FS
SK2_54	SK2, Lok rannsóknar, í NV	26.8.2006	OGS/FS
SK2_55	SK2, Lok rannsóknar, í NV	26.8.2006	OGS/FS
SK2_56	SK2, Lok rannsóknar, í NV	26.8.2006	OGS/FS

SK2_61	Vinnumynd, frágangur	27.8.2006	HMR
SK2_62	Vinnumynd, frágangur	27.8.2006	HMR
06_TH_1	Eining 705, í NA	22.6.2006	RH/OH
06_TH_2	Eining 705, í SA	22.6.2006	RH/OH
06_TH_3	Eining 705, í SV	22.6.2006	RH/OH
06_TH_4	Haugur úr fjarlægð, í NV	22.6.2006	RH/OH
06_TH_5	Eining 706, í A	22.6.2006	RH/OH
06_TH_6	Eining 706, í SA	22.6.2006	RH/OH
06_TH_7	Eining 706, í SA	22.6.2006	RH/OH
06_TH_8	Eining 706, í E	22.6.2006	RH/OH
06_TH_9	Eining 706, í E	22.6.2006	RH/OH
06_TH_10	Eining 706, lóðrétt	22.6.2006	RH/OH
06_TH_11	Eining 706, lóðrétt	22.6.2006	RH/OH
06_TH_12	Eining 708 ofl í NV	26.6.2006	RH/OH
06_TH_13	Eining 708 ofl í SV	26.6.2006	RH/OH
06_TH_14	Eining 708 ofl í SV	26.6.2006	RH/OH
06_TH_15	Eining 708 ofl í SV	26.6.2006	RH/OH
06_TH_16	Eining 708 ofl í SA	26.6.2006	RH/OH
06_TH_17	Eining 708 ofl í SA	26.6.2006	RH/OH
06_TH_18	Eining 708 ofl í SA	26.6.2006	RH/OH
06_TH_19	Eining 714, beinalag	28.6.2006	RH/OH
06_TH_20	Eining 714, beinalag	28.6.2006	RH/OH
06_TH_21	Eining 714, beinalag	28.6.2006	RH/OH
06_TH_22	Eining 714, beinalag	28.6.2006	RH/OH
06_TH_23	Eining 714, beinalag	28.6.2006	RH/OH
06_TH_24	Eining 714, beinalag	28.6.2006	RH/OH
06_TH_25	Eining 714, beinalag	28.6.2006	RH/OH
06_TH_26	Eining 714, beinalag	28.6.2006	RH/OH
06_TH_27	Eining 714, beinalag	28.6.2006	RH/OH
06_TH_28	Eining 714, beinalag	28.6.2006	RH/OH
06_TH_29	Eining 714, beinalag	28.6.2006	RH/OH
06_TH_30	Eining 714, beinalag	28.6.2006	RH/OH
06_TH_31	Eining 714, beinalag	28.6.2006	RH/OH
06_TH_32	Eining 714, beinalag	28.6.2006	RH/OH
06_TH_33	Eining 714, beinalag	28.6.2006	RH/OH
06_TH_34	Eining 714, beinalag	28.6.2006	RH/OH
06_TH_35	Eining 714, beinalag	28.6.2006	RH/OH
06_TH_36	Eining 714, beinalag	28.6.2006	RH/OH
06_TH_37	Eining 714, beinalag	28.6.2006	RH/OH
06_TH_38	Lok rannsóknar, í SV	29.6.2006	RH/OH
06_TH_39	Lok rannsóknar, í NV	29.6.2006	RH/OH
06_TH_40	Lok rannsóknar, í NV	29.6.2006	RH/OH
06_TH_41	Lok rannsóknar, í SV	29.6.2006	RH/OH

06_TH_42	Lok rannsóknar, í SV	29.6.2006	RH/OH
06_TH_43	Lok rannsóknar, í SA	29.6.2006	RH/OH
06_TH_44	Lok rannsóknar, í SA	29.6.2006	RH/OH
06_TH_45	Lok rannsóknar, í SV	29.6.2006	RH/OH
06_TH_46	Lok rannsóknar, í NA	29.6.2006	RH/OH
06_TH_47	Lok rannsóknar, í NA	29.6.2006	RH/OH
06_TH_48	Lok rannsóknar, í NA	29.6.2006	RH/OH
06_TH_49	Lok rannsóknar, í NA	29.6.2006	RH/OH
06_TH_50	Lok rannsóknar, í NV	29.6.2006	RH/OH
06_TH_51	Lok rannsóknar	29.6.2006	RH/OH
06_TH_52	Lok rannsóknar	29.6.2006	RH/OH
06_TH_53	Lok rannsóknar, í SV	29.6.2006	RH/OH
06_TH_54	Lok rannsóknar, í	29.6.2006	RH/OH

Einingaskrá

2005

Eining	Skurður	Teg.	Lýsing	Dags	Sk.st.
455	SK1	Lag	Brún mold með torfhruni	9.6.2005	JST/PM
456	SK1	Lag	Torf og grjót	9.6.2005	JST/PM
457	SK1	Lag	Laus moldarfylling með stöku kolaflekkjum	9.6.2005	JST/PM
458	SK1	Lag	Steinaröð, möguleg brún	9.6.2005	JST/PM
459	SK1	Lag	Óhreyfður jarðvegur	9.6.2005	JST/PM
460	SK1	Niðurgr	Mögulegur skurður	9.6.2005	JST/PM
461	SK1	Lag	Mjög hreyfð mold, yfirborðslag	9.6.2005	JST/PM
467	SK2	Lag	Mjög hreyfð mold, yfirborðslag	24.8.2005	ÓGS
468	SK2	Lag	Torfhrun og mold	24.8.2005	ÓGS
469	SK2	Lag	Torfhrun, mold og stöku kolaflekkir	24.8.2005	ÓGS/LF
470	SK2	Lag	Steinaröð	25.8.2005	ÓGS/LF
471	SK2	Lag	Brún mold	25.8.2005	FS
472	SK2	Lag	Þyrping af steinum	25.8.2005	ÓGS
473	SK2	Lag	Torfhrun með fáeinum steinum í	25.8.2005	FS
474	SK2	Lag	Áfoksjarðvegur	25.8.2005	ÓGS
475	SK2	Lag	Einsleit, brún mold	25.8.2005	LP
476	SK2	Lag	Steinahrun	25.8.2005	ÓGS
485	SK2	Ýmis	Steinar, torf, lok rannsóknar.	25.8.2005	ÓGS

2006

700	SK3/4	Lag	Yfirborðslag	21.6.2006	RH/LF
701	SK3/4	Lag	Brún mold, blönduð og rótarskotin	21.6.2006	OH
702	SK3/4	Lag	Brún mold með stórum steinum	22.6.2006	LF/RH
703	SK3/4	Lag	Brún mold með steinaþyrpingum	22.6.2006	LF/RH
704	SK3/4	Lag	Brún leirmold	22.6.2006	LF/OH
705	SK3/4	Lag	Steinadreif ofan á haugi	22.6.2006	OH/RH
706	SK3/4	Lag	Áfoksjarðvegur með stöku kolaflekkjum.	26.6.2006	OH
707	SK3/4	Lag	(sama og 703)	26.6.2006	OH
708	SK3/4	Lag	Torfblandað lag með kolaflekkjum	27.6.2006	OH
709	SK3/4	Niðurgr	Skurður, fylltur með 703/707	27.6.2006	OH
710	SK3/4	Lag	Brún mold með hrúgu af steinum	27.6.2006	OH
711	SK3/4	Lag	Dökkbrún, einsleit mold með stöku kolaflekk	28.6.2006	OH
712	SK3/4	Lag	Mjúk mold, mislit með torfi í	28.6.2006	OH
713	SK3/4	Lag	Blandlag með torf og mold	28.6.2006	OH
714	SK3/4	Lag	Þunnt moldarlag með beinum	29.6.2006	VG

SK1


001
461
455
457
456
ógr.
475
ógr.
460
458
459

SK2


001
467
468
469
471
472
475
476
470
ógr.
473
ógr.
ógr
ógr.
474
ógr.

SK3/4



Viðbætir

Minnisbók Matthíasar Þórðarsonar, 26.-27. Ágúst 1920 (uppskrift Kristjönu Vilhjálmsdóttur, 2021).

[1r]+

Rannsókn 26.,-27. VIII 1920.

26.8. Hóll við Öxará, við veginn milli kjaptsins á Brennugjá og árinnar. Frá veginum og vestur á ár-kvíslarbakann er 31 m yfir miðjan hólinn þar sem hann er hæstur, en þangað 12 m (11-12 m.) frá veginum. Hóllinn er á ávalli hraunbungu, sem gengur frá Brennugjá vesturundir árkvíslina. Er vegurinn var gerður hefur verið tekinn jarðvegur allur af hrauntungunni milli vegarins og nokkuð inn í sjálfan hólinn, 10 m. út frá veginum og 8 m að br. h.u.b.

[2v]

Á hólnum öllum er jarðvegur, gróinn að mestu leyti, með mosa og krækiberjalingi en víða eru smáflög í og víða sjást nybbur á hraunsteinum upp úr. Hóllinn sýnir engin ákveðin takmörk og engar mannvirkisleifar eru beinlínis sjáanlegar. En vegna þess hve mikil mold með lauzasteinum í virðist hér saman færð lítur svo út sem hjer kunni þó að vera leifar af fornu mannvirki, haugi helst, enda má ætla að Þorleifs haugur jarlaskálds hafi hjer verið einhvern stað nærri.
Er jeg hafði mælt hauginn eða hólinn sem fyr segir, gert 2 ljósmyndir af honum, sjeð frá norðri og austri, ljet jeg byrja að rannsaka hann með greptri.

[2r]

Fyrst var grafið inn í hólinn sunnanverðan, 1 ¼ m. br. geil inn fyrir toppinn og ofan að grjóti, en því ekki haggað; jarðvegurinn ofan á grjótinu var hjer víðast um 40-50 cm að þ. minni ofan á stöku steini. Til beggja hliða varð vart við steinaraðir svo sem í hleðslu en milli þeirra varð steinlaus skor er grafið var niður að hraunklöppinni. Þá var jarðvegur grafinn af vegarmeginn geilarinnar og komu í ljós 2 samhliða steinaraðir, svipaðar hinni fyrnefndu þeim megin, en lágu ofar í moldinni, 20-25 cm. frá yfirborði og stóðu jafnvel nybburnar á sumum steinunum uppúr. Ytri röðin var hjer um bil þar sem hætt hafði verið að grafa fyrrum er hjer hafði verið tekið úr hólnum í veginn, svo sem áður var getið um, en hin innri var svo litlu innar, að bálkur sá er þar myndaðist var að eins um ¾ m. að br. Austanvert við norðurenda þessa bálks var dálítil grjótþúst, óregluleg, norðanvið gamla gröptinn. Má vera að eitthvað hafi

[3v]

verið tekið af grjóti austan við bálkinn og sunnan við þessa þúst er sá gröptur var gerður (1907) og það grjót látið í veginn. Sunnanvið endann á grjótbálkinum varð grafið niður að hraunklöppinni án þess grjóts yrði vart og niðurmeð yztu steinaröðunum beggja vegna. Um 5-10 cm frá hraunklöppinni var greinilegt lag, 10-15 cm. þ. af svartlitri eldfjallaösku grófgerðri. Ofan á því var moldarflag undir steinaröðunum, um 20 cm. þ., og steinaraðirnar hjer um bil 20-30 cm. að þ. Steinarnir voru meðalstórir hleðslusteinar teknir úr hrauninu hjá.

Síðar var grafinn af jarðvegur allur vestanvið geilina sem fyrst var grafin. Kom í ljós hálfhringsmynduð grjótþúst vestan við steinaröðina vestri í geilinni. Var grafið niðurmeð henni að vestanverðu niður á hraunklöppina og jafnframt að norðan og sunnan við þústina. Á 2 stöðum varð þá lítillega vart við ösku og birkikolaleifar, h.u.b.

[3r]+

30-40 cm. frá yfirborðinu. Milli norðurenda þessarar þústar og grjótbálksins austast var grafin grjótlaus skora inn í, austan við hina skoruna, sem getið var áður og var svo sem einföld grjóthleðsla á ská milli þeirra.

27.8. Lokið við að grafa umhverfis alla grjótþústina og hún síðan mæld og dregin upp, stein fyrir stein, sem efstir sáust, sbr. meðf. teikn. á rúðupappír. Að því loknu voru steinarnir í bálkinum og grjótþústinni austanvið norðurenda hans teknir upp. Undir þeim var mold nokkur og annað steinlag neðar. Hjer virtist því hleðsla. Eins og athugað er á teikningunni fundust óverulegar birkikolaleifar nyrst í bálkinum, örlitlar beinaleifar, uppleystar af rotnun og silfurpeningur, ámóta stór og 25-eyringur, mjög eyddur, gagnsýrður og molnaði sundur brátt er hann þornaði og varð óvart fyrir dálitlum þrýstingi í öskjum sem hið fundna var látið í. Brotið virtist úr rönd hans á einum stað.

[4v]

Á annarri hliðinni vottaði fyrir krossi, sbr. meðf. mynd. Á hinni hliðinni var alt óskýrt mjög, ef til vill vottaði þó fyrir mannsandliti sem sást á vinstri vanga á. Miðhlutinn er til heill. Alt hið fundna var með millibili og mjög á víð og dreif. Smávegis af brunnum beinum fundust enn fremur. Óverulegar leifar af járnnagla og lítill járnmoli. Í grjótþústinni litlu austur af bálkinum varð og lítillega vart beinaleifa á 2 stöðum. – Er alt hafði verið athugað hjer vandlega ofan óhreyfða leirlagið undir gosöskulaginu án þess nokkurs yrði vart frekar, voru teknir steinarnir efstu í stóru grjótþústinni vestast og hleðslunni austan við hana. Hleðslan var greinileg og vestar kom fram hleðsla aptur í miðri þústinni, en að öðru leyti var hún óregluleg og ekki nema svo sem tvöfalt steinalagið í mesta lagi. Nyrst í henni varð vart beinaleifa á nokkrum stöðum, helzt leggbrota, en alt grautfúið og ekki hægt að ákvarða úr hvaða beini væru. Sýnishorn

[4r]

tekin með. Austantil í þústinni varð og vart slíkra leifa á 2 stöðum. Þessi þúst var 3,10 m að l. n.-s. og 2,30 að br. – Bálkurinn var 3,90 m. að l. og 0,90 að br. en geilarnar og skáveggurinn,

allt bilið milli bálksins og þústarinnar var 1,10 m. – Skáveggurinn var ranns. síðast og var með 2 steinalögum, en engis sjerlega varð vart að öðru leyti. Þústin austanvið bálkinn var um 2 m. að l. n.-s. og 1.20 m. að br. h.u.b., svo að öll var þessi grjótdyngja um 5,50 m. að l. frá a.-v. og nær 4 m. að br. n.-s.

Óefað eru hjer leifar einhvers mannvirkis. Hleðslurnar benda vart til að hjer hafi verið haugur frá haugur frá heiðni, en hins vegar er alt mannvirkið of lítið til að vera búðarleifar, enda bentir tilhög– hleðslunnar ekki til þess heldur. Kolin og leifarnar af brendu beinunum benda til að leifar af enhverjum sem brendur hafi verið fyrir galdur í Brennugjá hjer hjá hafi verið settur hjer niður og hinar örfúnu beinaleifar gætu og bent til hins sama,

[5v]

sömuleiðis járnrunninn hraunsteinsmoli, er fannst í moldinni, er upp hafði verið raskað. – Sauðarvala grautfúin kom þá og í ljós og var beinið í henni með mjög líku útliti og í hinum beinaleifunum. Helst var útlit fyrir að hinni upprunalegu gerð á þessu hafi verið raskað mjög við umrót og skilið við það þó með hóls – eða haugs – lagi.

Að rannsókninni lokinni var öllu grjótinu og moldinni mokað saman í hól aptur og þakið yfir með grashnausum. MÞ